Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
28. október 2010
43. tbl. · 27. árg.



Ég var sú heppna



„Ég hef oft hugsað þetta og sagt; ég hefði alls ekki viljað skipta. Ég hefði ekki viljað vera í hópi þeirra sem sluppu við flóðið en þurftu að takast á við það sem gerðist," segir Margrét Kristjánsdóttir, sem lá grafin í snjó í hátt í níu klukkutíma, eftir að snjóflóð féll á Flateyri aðfaranótt 26. október 1995. Á miðopnu segir Margrét sögu sína og hvernig samtöl við vini og vandamenn hafa hjálpað henni að vinna úr reynslu sinni á þeim fimmtán árum sem liðin eru frá flóðinu.

Strandabyggð fær hæsta framlagið

Strandabyggð fær hæsta tekjujöfnunarframlagið á Vestfjörðum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, samkvæmt tillögu ráðgjafarnefndar sjóðsins. Fær Strandabyggð tæpar 29 milljónir króna og koma rúmlega 21,5 milljón strax til greiðslu. Bolungarvíkur er með næst hæsta framlagið eða tæplega 10 milljónir króna og koma rúmlega 7 milljónir til greiðslu nú en tæplega 2,5 milljónir í uppgjöri sjóðsins í desember.

Bæjarhreppur fær þriðja hæsta framlagið eða 6 milljónir. Kaldrananeshreppur fær 3,5 milljónir en því næst kemur Reykhólahreppur með 2,3 milljónir og Vesturbyggð með 2,1 milljón. Ísafjarðarbær, Tálknafjarðarhreppur, Súðavíkurhreppur og Árneshreppur fá ekkert tekjujöfnunarframlag. Áætluð heildarfjárhæð framlaganna nemur um 1.228 milljónum króna.

Reykjanesbær fær hæsta framlagið úr sjóðnum eða 211 milljónir króna, Rangárþing eystra fær 82 milljónir og Eyjafjarðarsveit 74 milljónir. Alls er úthlutað 1228 milljónum króna á þessu ári. Í dag koma ¾ hlutar af áætluðu framlagi til greiðslu eða samtals um 921 milljón króna. Uppgjör framlaganna fer fram fyrir áramót á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaganna.

– thelma@bb.is

Vestfirskt sauðfé er í þokkalegum holdum eftir sumarið.

Holdafar sauðfjár í meðallagi

Holdafar sauðfjár á Vestfjörðum er í meðallagi, að sögn Þorvaldar Þórðarsonar, bónda á Stað í Súgandafirði. Hann hefur þuklað á fé víða í Ísafjarðasýslum við svokallaðar lambamælingar. „Svo virðist sem góð tíð hafi vegið á móti miklum þurrkum í sumar þannig þetta kemur þokkalega út og er svipað og undanfarin haust.“

Ekki er gott að átta sig á hve mikið fé var sent til slátrunar á Vestfjörðum þar sem því er slátrað í þremur húsum á Sauðárkróki, í Búðardal og á Hvammstanga, en þar er ekki haldið sérstaklega utan um fjölda fjár sem kemur frá Vestfjörðum. Þorvaldur segir þó engar stórbreytingar hafi orðið á sauðfjárbúskap á svæðinu í ár. *– kte@bb.is*

BBC mætti á Þingeyri til að mynda um borð í Víkingaskipinu.

BBC við tökur á Þingeyri

Tökuliið á vegum BBC var stadd á Þingeyri fyrir stuttu við tökur á heimildarmynd um Laxdælasögu. Dalla Jóhannsdóttir vinnur hjá Sagafilm og fylgir tökuliðinu á ferð þess um landið. „Þingeyri er vissulega nokkuð fyrir utan sögusvið Laxdælu en þar er eina sjófæra víkingaskipið á landinu og við komum til að mynda um borð í því. Þetta var frábær dagur, veðrið eins og best verður á kosið og Bretarnir mjög hrifnir af umhverfinu,“ segir Dalla og bætir við að heimamenn hafa tekið vel á móti gestunum. „Þarna kom saman góður hópur til þess að róa skipinu, við fengum tvo myndarpilta, Anton Lína og Dag Steinarsson, til þess að leika þá Bolla og Kjartan, auk þess sem Daníel Kristjánsson las kafla úr Laxdælu á hafnarbakkanum.“ Fyrirhugað er að sýna heimildarmyndina á BBC 4 í apríl á næsta ári. „Sjónvarpsstöðin stendur þá fyrir Íslandsviku þar sem sýndar verða bæði íslenskar kvikmyndir og heimildarmyndir,“ segir Dalla sem nú er stödd við tökur í Dölunum á hinu upprunalega sögusviði Laxdælu. – kte@bb.is

Músum fjölgað mikið

„Því miður hefur músum fjölgað hér töluvert á síðustu þremur árum,“ segir Valur Richter meindýraeyðir hjá Ísafjarðabæ, en nú í kólnandi veðri fara ferfætlingarnir að leita sér skjóls og þá verða mannabústaðir oft fyrir valinu. „Það þarf nú ekki annað en að keyra Ísafjarðardjúpið að kvöldi til og þá er allt morandi í músum á veginum,“ segir Valur sem telur að góð tíð undanfarin ár sé ástæðan fyrir fjölguninni. „Húsum sem ágangur er í hefur líka fjölgað mikið, en þær eru mjög kræfar og fara inn um öll göt. Ef þú kemur puttanum inn í gatið þá eiga mýsnar þar greiða leiða. Ég hef til dæmis séð þær klifra upp vegg og fara innum rafmagnsrör fyrir ofan útidyrahurð,“ segir Valur og bætir við að eina ráðið til að forðast áganginn sé að loka öllum inngönguleiðum.

„Hitt verður einfaldlega stanslaust stríð. Það dugar lítið hafa gildrur nema þá kannski til að ná minni músunum, en að koma í veg fyrir að þær komist inn er í rauninni eina leiðin sem er í boði. Þær geta nefnilega eyðilagt alveg ótrúlega mikið þegar inn er komið. Ég hef komið inn í hús þar sem þær höfðu eyðilagt heilan vegg og í öðru húsi voru þær búnar að flaka utan af öllu rafmagninu í loftinu. Oftast eru þetta sumarhús þar sem þær fá næði til þess að gera óskunda, en stundum ná þær að eyðileggja alveg svakalega í íbúðarhúsum áður en músagangurinn uppgötvast. Þetta er nú aðal gallinn við þær, ef þær héldu sig út af fyrir sig væri bara gaman af þeim og ágætt að einhverjum skuli fjölga hér á Vestfjörðum,“ segir Valur.

Besta leiðin til að forðast músaágang er að loka inngönguleiðum.

Vilja beint flug milli Ísafjarðar og Grænlands

Ísafjarðarflugvöllur.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fagnar tillögum sem liggja annars vegar fyrir Alþingi um að sköpuð verði aðstaða til að hægt verði að sinna millilandaflugi frá Ísafjarðarflugvelli, og hins vegar fyrir grænlenska landsþinginu þess efnis að Ísland sjái í framtíðinni um flutninga á nauðsynjum til byggðanna á austurströnd Grænlands. Bæjarstjórn lýsir sig reiðubúna til að liðka fyrir þjónustu við svæðið. Bæjaryfirvöld hafa lengi talið það blasa við að Ísafjarðarbær verði, nálægðar sinnar vegna, þjónustumiðstöð fyrir Austur-Grænland. Því er skorað á ríkisvaldið að beita sér fyrir því að samvinna landanna verði aukin eins fljótt og eins mikið og verða má, og að tafarlaust verði hafinn undirbúningur þess að opna fyrir beint flug milli Ísafjarðar og Grænlands.

„Mikil sóknarfæri eru fyrir Ísfirðinga í þjónustu við Grænland sem er næsti flugvöllur við stór svæði á Austur-Grænlandi,“ segir í greinargerð með ályktun bæjarstjórnar. „Fyrirhuguð olíu- og námuvinnsla hefur nú þegar haft í för með sér talsverð umsvif með flugi frá bænum. Hins vegar er sú staða uppi að veita þarf sérstaka heimild í hvert sinn frá Flugmálastjórn til millilandaflugs frá vellinum sem gerir mönnum illkleift að veita þessa þjónustu frá Ísafirði. Ísafjarðarbær hefur farið þess á leit við samgönguráðuneytið að útfærðar verði leiðir til að heimila slíkt flug varanlega frá Ísafjarðarflugvelli til Grænlands á minni flugvélum. Ekki liggur fyrir afstaða samgönguráðuneytisins til málsins en ljóst er að einhver kostnaður mun hljótast af þessari mikilvægu heimild, að uppfæra flugvöllinn til að uppfylla staðla.“

„Bæjaryfirvöld vilja enn fremur benda á að lausnir hafa verið útfærðar í Norður-Noregi vegna flugs út fyrir Schengen-svæðið og því ætti slíkt að vera leikur einn ef viljann skortir eigi,“ segir í greinargerðinni.

Veturnætur fóru vel fram

Nemendur frá LRÓ sýndu sýninguna Ljósadraugar.

Lista- og menningarhátíðin Veturnætur sem fram fór í Ísafjarðarbæ um helgina heppnaðist vel að sögn Hálfdáns Bjarka Hálfdánssonar upplýsingafulltrúa sveitarfélagsins. „Það var fullt af fólki í bænum á löngum laugardegi og ég hef ekki heyrt annað en að fólk hafi verið ánægt með þetta.“ Á sama tíma og verslanir voru opnar var handverkssýning í gamla Blómaturninum. Þar voru handverkshópar víða að úr Ísafjarðarbæ; Karitas frá Ísafirði, Koltra á Þingeyri Purka á Flateyri og Milli fjalla frá Suðureyri. Þá voru prjónympíuleikarnir vel heppnaðir að sögn Hálfdáns Bjarka.

„Þetta er í þriðja sinn sem leikarnir eru haldnir og við erum að spá í að hafa keppni í karlaflokki á næsta ári.“ Hátíðinni lauk með kertafleytingu í Neðstakaupstað á sunnudag sem var vel sótt þrátt fyrir kalt veður. „Þó að það hafi verið svo napur vindur að logarnir héldust varla á kertunum þá reyndu menn að gera gott úr því og þetta var falleg stund.“ Dansnemendur frá Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar sýndu sýninguna Ljósadraugar og stúlknakór söng við lokaathöfn Veturnótta. Veturnætur var haldin í fyrsta sinn 1997. Hátíðin var endurvakin fyrir nokkrum árum og hefur verið árlegur viðburður síðan.

– thelma@bb.is

Að venju lauk Veturnóttum með kertafleytingu.

Tveir nýir sjóðir í vörslu Háskólaseturs Vestfjarða

Háskólasetur Vestfjarða hefur tekið að sér umsýslu fyrir tvo nýja sjóði til viðbótar við Þróunarsjóð innflytjendamála sem setrið hefur annast frá árinu 2007. Annars vegar er um ræða sjóð sem er stofnaður var í tilefni Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun, en Evrópusambandið hefur helgað árið 2010 báráttunni gegn þessum samfélagsmeinum. Sjóðurinn var stofnaður af félags- og tryggigamálaráðuneytinu og er í úthlutun úr honum lögð áhersla á verkefni sem auka úrræði í málaflokknum, á borð við námskeið sem bæta aðstæður tekjulágra hópa sem og verkefni sem vinna gegn fordómum.

Hins vegar hefur Háskólasetrið tekið að sér að annast mótvægissjóð Velferðarvaktarinnar, en Velferðavaktin hefur það hlutverk að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga hér á landi og gera tillögur til úrbóta. Sjóðurinn hefur þann tilgang að styrkja átaksverkefni sem styðja við aðgerðir fyrir hópa sem hafa orðið illa úti af völdum efnahagskreppunnar.

– kte@bb.is

Óásættanlegar niðurskurðartillögur

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur að tillögur um að leggja niður sjúkrahúsþjónustu á Vestfjörðum séu óásættanlegar og krefst þess að aðrar leiðir verði farnar til sparnaðar í fjárlögum. Þetta kemur fram í ályktun sem samþykkt var samhljóða þar sem bæjarstjórn tekur heilshugar undir ályktun sem samþykkt var á borgarafundi þann 7. október.

„Aðgerð þessi mun hafa í för með sér verulega skert öryggi íbúa svæðisins sökum fjarlægðar við næsta sjúkrahús. Kostnaður íbúa við að sækja sér heilbrigðisþjónustu mun stóraukast. Verulegar líkur eru til þess að stofnunin verði óhagkvæmari í rekstri og sérhæfðir læknar munu missa vinnuna eða þeir fara annað sökum fábreytni í starfi. Slík kúvending á uppbyggingu sjúkraeða heilbrigðisþjónustu, er ekkert annað en árás á grundvöll byggðar á okkar landssvæði. Það er engum vafa undirorpið að algjör samstaða er í okkar samfélagi um að hafna alfarið þessum tillögum.“

Í nýkynntu frumvarpi til fjárlaga, er kynntur um 200 milljóna króna niðurskurður á framlögum til Heilbrigðisstofnunnar Vestfjarða. „Ef af verður má reikna með fjöldauppsögnum á stofnuninni, stórauknu sjúkraflugi, lokun nokkurra þjónustusviða, s.s. fæðingardeildar, skurðstofu, röntgensviðs og rannsóknasviðs og niðurskurðar í starfsemi bráðadeildar. Er þá ekki allt upp talið ef markmiðið á að nást. Meiri niðurskurður en almennt er gerð krafa um á heilbrigðissviði í frumvarpi til fjárlaga 2011 er óásættanlegur,“ segir í greinargerð með ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

– thelma@bb.is

Snjóflóð skellur á Flateyri

Fimmtán ár eru nú liðin frá þeim hörmulega atburði sem dundi yfir Flateyri aðfaranótt 26. október 1995. Eftir vonskuveður féll gríðarmikið snjóflóð úr Skollahvilft yfir bæinn, langt utan marka þess svæðis sem skilgreint hafði verið sem hættusvæði. Afleiðingarnar voru hræðilegar. Tuttugu manns létu lífið í hamförunum og atburðurinn markaði sín spor í sálir Flateyringa sem og þjóðarinnar allrar. Það er þó ógerlegt að minnast flóðsins á Flateyri öðruvísi en að verða á sama tíma hugsað til Súðavíkur. Atburðirnir sem urðu í þessum tveimur vestfisku þorpum á þessu eina og sama ári gleymast seint í hugum og hjörtum Íslendinga.

Erfitt ár

Þegar árið 1996 rann sitt skeið höfðu 36 mannslíf glatast í snjóflóðum á landinu og ómælanlegt skarð verið hoggið í raðir landsmanna. Snjóflóð í Bláfjöllum hrifsaði með sér mannslíf og í öðru flóði í Reykhólasveit lét bóndinn Ólafur Sveinsson lífið. Stærstu áföllin urðu hins vegar á Vestfjörðum.

Að morgni dags 16. janúar 1995 vaknaði þjóðin upp við vondan draum. Klukkan 06.25 hafði 200 metra breitt snjóflóð fallið á þorpið í Súðavík og lent á fimmtán íbúðarhúsum. Tuttugu og sex manns voru í húsunum, sem stóðu við Túngötu, Nesveg og Njarðarbraut. Tólf komust lífs af, en fjórtán létu lífið, þar af átta börn. Flóðið var það mannskæðasta frá árinu 1919, þegar 18 létust í snjóflóði á Siglufirði.

Snjóflóðið á Súðavík kom í kjölfar aftakaveðurs sem hafði geisað á svæðinu. Um fimm hundruð manns á Vestfjörðum öllum höfðu yfirgefið heimili sín að kröfu almannavarnanefnda og höfðu þau hús á Súðavík sem stóðu á skilgreindu hættusvæði í grennd við Traðargil þegar verið rýmd þegar flóðið féll.

Erfiðar aðstæður

Heimamenn á Súðavík hófust þegar handa við björgunaraðgerðir í vonskuveðri, en fyrsta aðstoð barst þeim um tíuleytið um morguninn, þegar björgunarsveitarmenn, læknar og hjúkrunarfræðingar komust til Súðavíkur sjóleiðis frá Ísafirði með Fagranesinu. Með í för voru leitarhundar sem talið er að hafi skipt sköpum í leitinni, sem fór fram við gríðarlega erfiðar aðstæður sökum veðurs.

Vonskuveður geisaði enn og var hættuástandi á Súðavík ekki aflýst fyrr en 20. janúar. Vegna veðurs var landleið ófær og sjóleiðir illfærar. Fjöldi skipa tóku þátt í björgunaraðgerðum, auk Fagranessins sem varð síðar stjórnstöð aðgerða. Bessi, Stefnir og Haffari sigldu á milli Ísafjarðar og Súðavíkur með björgunarfólk, hjálpargögn og Súðvíkinga sem fluttir voru til Ísafjarðar. Margrét EA og Júlíus Geirmundsson sóttu björgunarmenn úr öðrum byggðum á Vestfjörðum við illan leik. Varðskipið Týr lagði svo upp frá Reykjavík þegar leið á daginn og kom til Súðavíkur eftir hátt í tuttugu tíma siglingu, með lækna, hjúkrunarfólk, björgunarsveitarmenn og hjálpargögn. Alls voru hátt í fjögur hundrað manns að störfum við björgunaraðgerðir í Súðavík. Tólf ára drengur fannst síðastur á lífi 23 klukkutímum eftir að flóðið féll, en leit var lokið að kvöldi 17. janúar.

Þjóðarsorg

Harmleikurinn í Súðavík skók landið allt. Í viðtali við Morgunblaðið, sem birtist 17. janúar, talaði þáverandi forseti, frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrir þjóðina alla þegar hún sagði: „Það er þjóðarharmur, þegar heilt byggðarlag á Íslandi verður fyrir slíkum náttúruhamförum. Land og þjóð eru samofin á ættjörð okkar og atburðir af þessu tagi snerta okkur öll.“

Hluttekning landsmanna kom skýrt fram í söfnuninni Samhugur í verki, sem haldin var til stuðnings þeim sem um sárt áttu að binda í kjölfar flóðsins í Súðavík. Til söfnunarinnar var blásið af fjölmiðlum í samvinnu við Rauða kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar. Fyrirtæki og einstaklingar lögðust á eitt og létu samtals ríflega 260 milljónir af hendi rakna, til marks um einlæga samúð sína með Súðvíkingum.

Endurskoðun hættusvæða

Í kjölfar slyssins kom sömuleiðis upp umræða um endurskoðun á mati á hættusvæðum vegna snjóflóða víðsvegar um land, enda hafði ekkert hættumat gert ráð fyrir því að flóð gæti fallið svo langt inn í byggð á Súðavík eins og raunin varð. Þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, sagði í samtali við Morgunblaðið að slíkt væri mikið áhyggjuefni. „Ég held, að menn hafi reynt að sýna árvekni, en þegar náttúran fer slíkum hamförum og þarna gerðist vill margt bresta, líka sú þekking, sem menn hafa búið yfir. Það er hins vegar enginn vafi á því, að þessir atburðir verða til þess að menn munu endurmeta þessa hluti.“

Eins og áður segir voru Súðvíkingar fluttir til Ísafjarðar í kjölfar hamfaranna. Á borgarafundi

sem þar var haldinn viku eftir flóðið, kom hins vegar fram skýr vilji bæjarbúa til að snúa aftur, að því gefnu að byggð yrði færð til. Svo fór að þeim vilja var fylgt og byggðin færð til í stað þess að varnargarðar væru reistir ofan hennar. Það leið að vori og þessi hörmulegi vetur virtist loks losa tak sitt á landinu.

Endurtekinn harmleikur

Flóðið sem féll yfir Flateyri í október þetta sama ár var því ekki aðeins hræðilegur harmleikur í sjálfu sér, heldur reif líka upp þau sár sem hlutust af snjóflóðinu í Súðavík. Þegar fregnir bárust af því að snjóflóð hefði fallið á Flateyri voru fyrstu viðbrögð margra vantrú. Í Norð Cestur, heimildamynd Einars Þórs Gunnlaugssonar um flóðið á Flateyri, sem nánar er fjallað um á öðrum stað í blaðinu, lýsir frú Vigdís Finnbogadóttir því að í huga hennar hafi stöðugt hljómað hugsunin „ekki aftur.“ Sama tilfinning ríkti í hugskoti þeirra sem höfðu komið að björgunaraðgerðum í Súðavík fyrr á árinu og þurftu nú aftur að takast á við þá líkamlegu og andlegu þrekraun að leita lifenda undir snjófarginu.

Veður hamlar aðgerðum

Flóðið úr Skollahvilft ruddist yfir bæinn klukkan 4.07 að morgni. Mikið óveður hafði gengið yfir landið aðfaranótt fimmtudagsins 26. október og hafði á níunda tug íbúa í Hnífsdal, á Ísafirði og á Flateyri rýmt hús sín vegna snjóflóðahættu. Aftur báru þær aðgerðir lítinn árangur, þar sem flóðið féll langt utan skilgreindra hættumarka.

Eitt hús við Ólafstún varð fyrir flóðinu, sex hús við Hjallaveg, fjögur við Tjarnargötu, fimm við Unnarstíg og þrjú hús við Hafnarstræti. Flóðið teygði sig niður að bakaríinu við Hafnarstræti, að heilsugæslustöðinni og kirkjunni. Snjóflóðavarnarkeilurnar sem voru til staðar ofar í hlíðinni gögnuðust lítið. Flest þeirra snjóflóða sem áður höfðu fallið úr fjallinu áttu upptök sín í Bæjargili, en minna hafði verið horft til Skollahvilftar í þeim efnum.

Fréttir af flóðinu bárust fljótt á milli manna. Einhverjir vöknuðu við höggið sem því fylgdi, aðrir náðu að losa sig úr snjónum og hlupu léttklæddir í gegnum hríðina til að sækja hjálp. Hringt var á milli húsa og allir sem vettlingi gátu valdið héldu út í niðdimma nóttina til aðstoðar. Á þessum fyrstu stundum eftir að flóðið féll björguðust margir þeirra 46 sem dvöldust í húsunum nítján, af sjálfsdáðum eða vegna aðgerða heimamanna sem hófust þegar handa.

Veður var enn slæmt og skyggni lítið sem ekkert. Rafmagnsleysi bætti ekki úr skák hvað það varðaði og voru aðstæður fyrstu stundirnar því afar slæmar. Almannavarnir ríkisins voru kallaðar út á allra fyrstu mínútum eftir að flóðið féll og björgunarsveitir vestra voru ræstar út með hópkalli rétt fyrir fimm um morguninn.

Veður var þá svo slæmt að útilokað var að hjálp gæti borist frá Reykjavík öðruvísi en sjóleiðina.

Um sex-leytið um morguninn lagði hópur leitarmanna með hunda af stað frá Ísafirði, í gegnum göngin, sem þá höfðu ekki verið formlega opnuð. Hvilftarströnd var enn ófær og því var farið með leitarmenn að Holti. Þaðan flutti Æsan þá sjóleiðis til Flateyrar, þar sem þeir stigu í land um hálf tíu, skömmu á eftir skipverjum á togaranum Pétri Jónassyni RE sem höfðu svarað neyðarkalli fyrr um morguninn. Þá barst frekari stuðningur frá Ísafirði og Patreksfirði eftir því sem leið á morguninn.

Hjálpin berst

Varðskipin Ægir og Óðinn voru bæði búin til aðgerða. Ægir sigldi úr Reykjavíkurhöfn rétt fyrir átta um morguninn, með björgunarmenn, lækna, hjúkrunarfræðinga og hjálpargögn meðferðis, en Óðinn lagði af stað frá Grundarfirði um hádegið með

björgunarfólk sem hafði verið ferjað þangað með flugi og þyrlum. Tvær varnarliðsþyrlur og TF-LÍF héldu sömuleiðis af stað til Flateyrar með björgunarfólk innanborðs.

Flateyringar söfnuðust saman í mötuneyti Kambs á eyrinni, þar sem hlúð var að þeim sem grafnir voru undan snjófarginu og vinir og ættingjar fengu stuðning hver frá öðrum. Á hádegi var tuttugu og fjögurra manna enn saknað, en einn hafði fundist á lífi, auk þeirra sem björguðust skömmu eftir að flóðið reið yfir. Klukkutíma síðar höfðu fjórir fundist á lífi, en það voru þeir síðustu sem komust lífs af úr flóðinu. Nítján höfðu fundist látnir um köldmatarleytið fimmtudaginn 26. október, en leit að eins árs gamalli stúlku stóð þá enn yfir. Hún fannst látin hálfum öðrum sólarhring eftir flóðið og var leit þá hætt.

Samhugur

Margrét Kristjánsdóttir, sem var grafin upp úr flóðinu um hádegisbil, eftir tæplega níu tíma legu í snjónum, lýsir því í opnuviðtali blaðsins hve ótrúlega mikill og sterkur samhugur Flateyringa var í kjölfar flóðsins. „Allir sem mættust á götu voru í faðmlögum, sama hverjir það voru. Ef einhver hefði sagt mér þetta viku fyrr, að Flateyringar myndu bregðast svona við ef eitthvað kæmi fyrir, hefði ég aldrei trúað því. Samhugurinn var alveg ólýsanlegur,“ segir Margrét í viðtalinu.

Samhugur landsmanna allra var að sama skapi mikill og rétt eins og eftir flóðið í Súðavík níu mánuðum fyrr snéru þeir bökum saman og létu sitt af hendi rakna til stuðnings Flateyringum. Í söfnuninni Samhugur í verki söfnuðust ríflega 200 milljónir og fjöldinn allur af smærri fjáröflunaruppákomum fóru fram um land allt. Þá segir Margrét að blysförin sem um 30.000 manns tóku þátt í í Reykjavík í lok október hafi vermt hjartarætur Flateyringa. „Það var hreint ótrúlegt að fylgjast með því í sjónvarpinu, maður trúði ekki sínum eigin augum.“

Fram á veginn

Í kjölfar flóðanna í Súðavík og á Flateyri fór fram mikil umræða um snjóflóðavarnir og gildandi hættumat hér á landi, enda höfðu flóðin í báðum tilfellum farið langt út fyrir það sem mögulegt hafði verið talið. Fljótlega var ráðist í gerð varnargarðanna sem í dag setja svip sinn á Flateyri, og þeir reistir á árunum 1996-1998. Þeir hafa sannað gildi sitt og bægt frá flóðum sem á þá hafa fallið, þó ekkert þeirra hafi verið jafn stórt og snjóhrammurinn sem lagðist yfir bæinn í október 1995.

Fimmtán ár eru nú um liðin frá atburðinum hörmulega. Þó að Flateyringar hafi fyrir löngu síðan grætt jarðveginn og sár sín að einhverju marki, mun skarðið eftir þá sem féllu frá þessa októbernótt aldrei verða fyllt. Sömuleiðis er víst að árið gleymist seint í hugum Íslendinga, sem fengu þar harkalega áminningu um hversu erfitt sambýlið við náttúruna og hennar ógnaröfl getur verið.

Mjólká 3 tekin í gagnið í desember

Miklar framkvæmdir standa yfir í Mjólkárvirkjun í Arnarfirði þar sem unnið er að uppsetningu nýrrar vélasamstæðu fyrir Mjólká 3. Að sögn Sölva Sólbergssonar, framkvæmdastjóra orkusviðs Orkubús Vestfjarða ohf., hefst vélaruppsetningin í þessari viku og verða fyrstu kílóvattstundirnar framleiddar í lok nóvember. „Vélin verður svo kominn í fullan rekstur í byrjun desember," segir Sölvi. Um miklar framkvæmdir er að ræða. Búið er að byggja nýtt stöðvarhús, leggja pípu og setja upp nýtt inntaksmannvirki.

„Samhliða þessu er búið að gera samning um kaup á nýrri vél sem á að leysa af hólmi Mjólká 2 í gamla stöðvarhúsinu. Nýja vélin verður nokkuð stærri þannig að framleiðslan fer úr 5,7 megavöttum upp í 7 megavött. Við munum greiða um helming af kaupverði vélarinnar fyrir næstu áramót og næsta sumar hefst svo uppsetningin á henni. Þá munum við þurfa að stækka gamla stöðvarhúsið auk þess verða inntaksmannvirkin og pípurnar verða lagfærðar," segir Sölvi. Afköst Mjólkárvirkjunar munu aukast umtalsvert með þessum framkvæmdum. „Áætlanir gera ráð fyrir að aflið muni verða 10,6 megavött en fyrir var það 8,1 megavött sem samsvarar um 30% aukningu á afli. Orkuframleiðslan mun verða um 68,1 Gwh sem er um 22% aukning," segir Sölvi.

Uppsetning nýrrar virkjunnar að Mjólká er í fullu gangi.

Athygli hefur vakið að framkvæmdirnar eru fjármagnaðar að fullu með eigið fé Orkubúsins á sama tíma og ofskuldsett orkufyrirtæki hafa verið áberandi í umræðunni. Sölvi segir kostnaðinn hingað til hafa verið lægri en til stóð. „Þegar við festum kaup á vélunum var gengi evrunnar 180 krónur og þá var reiknað með að kostnaðurinn yrði 473 milljónir króna. Nú er gengið komið niður fyrir 160 krónur sem þýðir að kostnaðurinn er 400 milljónir. Samtals var áætlað að heildarkostnaður við framkvæmdirnar, sem eiga að ljúka næsta sumar, yrði um einn milljarður króna. Hingað til hafa þær áætlanir staðist og við erum vongóðir um framhaldið," segir Sölvi Sólbergsson.

– kte@bb.is

Æðey í Ísafjarðardjúpi.

Fá ekki greitt fyrir að sækja póstinn

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur birt ákvörðun sína um póstþjónustu í Æðey og Vigur. Komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Íslandspósti bæri ekki skylda til að greiða ábúendum eyjanna sérstaklega fyrir að nálgast sinn eigin póst. Í niðurstöðunni er vísað til reglugerðar um alþjónustu er fjallar um staðsetningu bréfakassa.

Þá var einnig horft til þess að íbúar fá samgöngustyrk frá Vegagerðinni til að sækja sér vörur og þjónustu eftir hentugleika. Taldi PFS að það ætti að vera viðurhlutalítið fyrir ábúendur að nálgast póstsendingar sem til þeirra berast í tengslum við þær ferðir sem íbúar teldu nauðsynlegar vega búsetu á eyjunum. *– kte@bb.is*

„Vestfirðingar með sameiginlega rödd"

„Hér hefur verið vilji til margra ára að jarðgöng milli Súðavíkur og Ísafjarðar verði sett á samgönguáætlun," segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps aðspurður hvort sveitarstjórnarmenn á norðanverðum Vestfjörðum muni beita sér fyrir því að jarðgöng verði gerð í kjölfar umræðna um sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. Ómar bendir á að á síðasta fjórðungsþingi hafi verið gefin út ályktun um að þetta yrði fengið í gegn.

„Undanfarið höfum við ekki lagt mikinn þunga á að fá þetta í gegn en það er fyrst og fremst vegna þess að ákveðið samráð hefur verið um forgangsröðun verkefna á Vestfjarða þannig að Vestfirðingar hafi sameiginlega rödd í samgöngumálum. Áhersla er núna á sunnanverða Vestfirði og sveitarstjórnarmenn, hvort sem þeir eru á norðanverðum eða suðursvæðinu, eru samtóna um að það sé brýnasta verkefnið að koma samgöngum á því svæði í viðunandi horf."

Ómar segir það mjög brýnt að íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum komist sem fyrst á bundnu slitlagi yfir á norðanvert svæðið sem og suður. „En það er eins og er bundið að hluta til í dómskerfinu vegna Teigskógarmálsins. Vegna þessa höfum við ekki verið mjög hávær með þörfina fyrir jarðgöngum."

Ómar segir þó alveg ljós hve göngin eru mikilvæg þar sem Súðavíkurhlíð sé stórhættuleg. „Það sýndi sig og sannaði í úttekt sem Harpa Grímsdóttir á Snjóflóðasetrinu gerði um Súðavíkurhlíð, Kirkjubólshlíð og Óshlíð. Þar kom berlega í ljós að Súðavíkurhlíðin er jafn hættuleg og Óshlíðin áður en Bolungarvíkurgöng komu til. Vissulega er því þörf að gera úrbætur á því."

– thelma@bb.is

Spurningin

Mun niðurskurður í heilbrigðisþjónustu hafa áhrif á búsetu þína?

Alls svöruðu 527.
Já sögðu 362 eða 69%
Nei sögðu 165 eða 31%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Útlit fyrir vaxandi norðaustan átt. Dálítil él, en slydda suðaustantil. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir norðan- og norðaustan hvassviðri með snjókomu eða éljum, en þurrt að kalla sunnanlands. Kólnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Norðaustan hvassviðri með snjókomu. Kólnandi veður.

Ritstjórnargrein

Lífið heldur áfram

„Sú kemur tíð, er sárin foldar gróa." Sannleiksgildi þessara orða í Aldamóta- og hvatningarljóði skáldsins, Hannesar Hafstein, til þjóðar sinnar við upphaf tuttugustu aldarinnar, má ef til vill yfirfæra á orðatiltæki, tamt íslensku þjóðinni í gegnum aldir: Tíminn læknar öll sár. Þó er þar djúpstæður munur á.

Spjöll á landi sem hlutust af snjóflóðunum á Ísafirði í apríl 1994, í Súðavík í janúar 1995 og á Flateyri í október sama ár hafa gróið og mannvirki ýmist færð til betri vegar eða ný reist; grasið grær á ný að vori þótt fölni að hausti og vetur sé harður; manneskjunni er gefinn sá eiginleiki að geta horft fram á veginn, meðvituð um að lífið heldur áfram líkt og það hefur gert, hvað sem yfir dynur; vitandi að „hvernig sem stríðið þá og þá er blandið," er ekki er annarra kosta völ en að „byggja og treysta á landið," felandi sig þeirri forsjón sem yfir öllu vakir.

Þess er nú minnst að síðastliðinn þriðjudag voru fimmtán ár liðin frá því snjóflóð féll á byggðina á Flateyri með þeim skelfilegu afleiðingum sem öllum eru kunnar; atburðar sem minnti okkur á hversu vanmáttug við erum gagnvart náttúruöflunum í öllu þeirra veldi, hversu framfarir og þekking sem maðurinn hefur áunnið sér á nær öllum sviðum hrekkur skammt; hversu lítil og vanmáttug við erum hvert og eitt í öllu sköpunarverkinu. Þrátt fyrir hörmungarnar sem slíkum hamförum fylgja er okkur hollt að horfa til baka þótt ekki væri nema til að minnast þeirrar samstöðu sem tókst meðal þjóðarinnar og þeirra dáða sem björgunarmenn og fjölmargir aðrir sýndu við kringumstæður, sem ætla mátti að væru óyfirstíganlegar mannlegum mætti.

Meðal þess sem gert hefur verið til að minnast afreksins sem björgunarstörfin á Flateyri voru, er heimildarkvikmyndin Norð Vestur, eftir Önfirðinginn Einar Þór Gunnlaugsson. Líkt og kvikmyndin er framlag Bæjarins besta, til að minnast atburðarins, borið fram sem virðingar- og þakklætisvottur til allra þeirra er að einstæðu verki komu.

Í gegnum aldir hafa Vestfirðingar orðið að takast á við óblíð náttúruöfl og mátt horfast í augu við að stór skörð hafa verið hoggin í fámennar byggðir.

Hvað morgundagurinn ber í skauti sínu veit enginn. Vestfirðingar munu hins vegar bíða þess sem verða vill og taka því eins og þeir hafa ávallt gert.

Lífið heldur áfram.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.* · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, *kte@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Alltaf haft gaman af Emil

Pétur Ernir Svavarsson og Þuríður Kristín Þorsteinsdóttir leika systkinin í Kattholti í uppfærslu Litla leikklúbbsins á Ísafirði um prakkarann Emil sem allir þekkja. Um frumraun beggja er að ræða en þau leysa verkið með öryggi og leikgleði. Blaðamanni lék forvitni á að vita hvernig ungir krakkar upplifðu það að takast á við svo þekkt hlutverk í einni viðamestu sýningu sem Litli leikklúbburinn hefur sett á svið.

Strax í upphafi viðtalsins var augljóst að krökkunum semur afar vel en þau eru reyndar nágrannar á Ísafirði. Aðspurð hvað hafi komið til að þau ákváðu að freista gæfunnar og spreyta sig á áheyrnarprufum fyrir leikritið kom í ljós að það var nánast tilviljun sem réð því.

„Þegar ég kom heim úr fríi leit frændi minn á hárið á mér og sagði: Nohh bara Emil! Ég vissi ekkert hvað hann var að meina en þá sagði hann mér frá prufunum og ég ákvað að prófa að fara í þær.“

Þuríður ákvað að skella sér á síðustu stundu.

„Bróðir minn sagði mér að Pétur gæti ekki leikið við sig því að hann væri að fara í prufur. Þegar ég heyrði af því langaði mig til að fara líka.“

Þau segjast bæði ekki hafa verið stressuð í áheyrnarprufunum og ekki heldur á frumsýningunni.

„Það var ekkert stressandi að frumsýna eftir að maður var búinn með generalprufuna,“ útskýrir Pétur.

„Mér fannst þetta bara ekkert stressandi,“ segir Þuríður með stórt bros á vör.

Þuríður og Pétur segjast bæði getað hugsað sér að gera meira á sviði í framtíðinni. Þó eru þau ekki á því að gera leiklistina að atvinnu.

Krakkarnir syngja mikið í sýningunni en þau félagarnir segja það hafa verið lítið mál.

„Það er ekkert stressandi ef maður kann allt lagið,“ segir Þuríður.

„Hún er í barnakór og ég var það áður og söng einsöng þar. Svo við höfum bæði verið að syngja áður,“ segir Pétur.

Krakkarnir þekktu bæði til Emils og ævintýra hans áður en leikritið kom til kasta þeirra.

„Ég hef alltaf haft gaman af Emil,“ segir Pétur. Hann hafði þó ekki búist við að leika prakkarann heimsfræga á sviði.

Blaðamaður spyr hvort þau líkist systkinunum sem þau leika en Þuríður og Pétur segjast ekki mikið sambærilegt með þeim og börnunum í Kattholti.

„Mér finnst Þuríður syngja alveg eins og Ida en held þær séu ekki líkar að öðru leyti. Ég held að það sé nú bara ekkert líkt með Emil og mér,“ segir Pétur.

– thelma@bb.is

Pétur Ernir Svavarsson og Þuríður Kristín Þorsteinsdóttir leika systkinin í Kattholti í uppfærslu Litla leikklúbbsins á Ísafirði um prakkarann Emil. Ljósm: Þorsteinn J. Tómasson.

„Hornstrandir eru í hjarta okkar“

Áætlað er að sex þúsund ferðamenn hafi komið til Hornstrandafriðlandsins í sumar. Jón Björnsson, landvörður og forstöðumaður Hornstrandastofu, segir nauðsynlegt að horft sé til framtíðar varðandi svæðið. „Við þurfum að setja okkur í startholurnar við að útbúa stefnumótun fyrir svæðið. Það hefur verið töluverð fjölgun ferðamanna undanfarin tvö sumur svo það er kominn tími til að skoða hve marga svæðið getur borið og hvernig við ætlum að taka á móti öllu því fólki sem heimsækir landsvæðið.“ Þess má geta að fyrir um tíu árum var ferðamannafjöldi til svæðisins á bilinu 3.500-4.000.

Kjaransvík, Hlöðuvík og Skálakambur á Hornströndum. Mynd: Jón Björnsson.

Jón segir mikilvægt að sem flestir komi að vinnslu stefnumótunar fyrir friðlandið. „Við þurfum að fá helstu hagsmunaaðila og áhugafólk að þeirri vinnu því það er mjög brýnt að rödd allra heyrist. Þetta er land með mjög ríka náttúru og sögu sem er ákaflega vert að varðveita.“ Jón fundaði með umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar um aukið samstarf við sveitarfélagið í tengslum við friðlandið. „Ég vænti mikils af samstarfinu við Ísafjarðarbæ. Það hefur víða sýnt sig erlendis að þar sem þjóðgarðar og friðlönd eru rekin í samráði við heimafólk og hagsmunaðila ganga hlutirnir mikið betur.“

Hann bendir á að margir beri afar hlýjar tilfinningar til svæðisins og því mikilvægt að það sé tekið með í reikninginn þegar kemur að framtíðarsýn Hornstranda. „Stóru verðmæti svæðisins liggja ekki síst í því að Hornstrandir eru í hjarta okkar. Ég held að það muni verða til þess að auðveldara verður að móta stefnu fyrir svæðið. Það hefur oft verið að sagt varðandi landeigendur og þeir sem vinna á svæðinu, bæði í ferðaþjónustu og við hjá Hornstrandastofu, að hjörtu okkar slá eins þegar viðkemur svæðinu. Það er mikilvægt að draga þessa væntumþykju með inn í stefnumótunarvinnuna.“

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, formaður umhverfisnefndar tekur undir með Jóni og segir mikinn metnað vera bæði hjá Ísafjarðarbæ og Hornstrandastofu þegar kemur að móta framtíð svæðisins. „Við berum miklar væntingar til svæðisins og hlökkum til að eiga gott samstarf við Hornstrandastofu.“

Mynduð var skjaldborg um Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

„Þetta er dauðans alvara“

Um 550 manns mótmæltu fyrirhuguðum niðurskurði á heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í hádeginu á þriðjudag í síðustu viku. Flestir voru klæddir einhverju rauðu sem er táknrænt fyrir þá blóðtöku sem það myndi þýða fyrir íbúa ef af boðuðum niðurskurði til heilbrigðismála í fjárlagafrumvarpinu verði að veruleika.

„Fólk úr öllu litrófi samfélagsins og sviðum atvinnulífsins sameinaðist um það að koma þessari samstöðu á og mér finnst það frábær árangur að tæplega 600 manns skuli mæta í hádeginu á virkum degi,“ segir Kolbrún Sverrisdóttir, ein þeirra sem stóð að samstöðunni. Mótmælendur tóku höndum saman og mynduðu táknræna skjaldborg um Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Kolbrún Sverrisdóttir ein þeirra sem skipulagði samstöðuna segir málið vera dauðans alvöru.

„Mér finnst þetta senda skýr skilaboð um það að við tökum þessu ekki þegjandi. Við sem búum hérna vitum að það er ekki í önnur hús að venda ef vá ber að dyrum og við verðum að hafa öfluga heilbrigðisþjónustu á staðnum. Við erum ekki einu sinni með staðsetta sjúkraflugvél á staðnum og það er ekki alltaf hægt að fljúga,“ segir Kolbrún.

Kolbrún segir málið vera dauðans alvara. „Það sem tekið er af okkur kemur ekki aftur, það vitum við. Við viljum áminna þingmennina um að við kusum þá á þing til að vinna fyrir hagsmunum okkar og það þarf að gera fyrir landsbyggðarfólkið líka, þeir þurfa aðeins og vakna og sjá það.“ *– thelma@bb.is*

Flestir klæddust einhverju rauðu sem var táknrænt fyrir þá blóðtöku sem fyrirhugaður niðurskurður myndi þýða fyrir íbúa á svæðinu.

Rannsaka á botnlæga hryggleysingja á strandsvæðum við Vestfirði

Náttúrustofa Vestfjarða vinnur að útbreiðslukorti á sjávarhryggleysingjum við Vestfirði í samvinnu við líffræðistofnun Háskóla Íslands. Með rannsóknum Náttúrustofu Vestfjarða á botnlægum hryggleysingjum við Vestfirði hefur þekking á útbreiðslu tegunda og samsetningu botndýrasamsamfélaga aukist verulega. Þetta kemur fram í ársskýrslu Samtaka náttúrustofa sem nýlega var gefin út.

„Þegar Náttúrustofa Vestfjarða hóf starfsemi sína árið 1997 kom í ljós að lítið hafði verið gert í rannsóknum á sjávarbotni á strandsvæðum Vestfjarða síðan undirritaður var þátttakandi í leiðangri Háskóla Íslands til Dýrafjarðar árið 1985. Rannsóknir stofunnar á botndýrum hófust strax 1998; árið eftir stofnun hennar, með athugununum á áhrifum mengunar á botndýralíf við þéttbýlisstaði. Í þeirri rannsókn var dýralíf kannað á sjö stöðum á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Rannsóknin hafði veruleg áhrif á umræðuna um mengunarmál sveitarfélaga. Síðan þá hefur stofan verið stöðugt í botndýrarannsóknum og tekið sýni víða um Vestfirði, en einnig á Norðurlandi og Austfjörðum.“

Í skýrslunni segir að vegna sífelldrar aukningar á fiskeldi í sjó hafa rannsóknir af þeim sökum aukist stöðugt bæði á Vestfjörðum svo sem Skutulsfirði, Álftafirði og Arnarfirði, og Austfjörðum, svo sem Mjóafirði, Berufirði, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði og Norðfirði. Fyrir utan mengun frá þéttbýlisstöðum hafa áhrif mengunar frá verksmiðjum einnig verið skoðuð.

Athuganir hafa einnig verið vegna framkvæmda, svo sem vegagerðar í Mjóafirði og Reykjafirði í Ísafjarðardjúpi. Vegagerðin styrkti síðar stofuna til að endurtaka rannsóknir í Dýrafirði um 20 árum eftir framkvæmdir. Einnig hafa verið gerðar athuganir vegna dýpkunar hafna á Ísafirði og í Bolungarvík ásamt námuvinnslu í Arnarfirði og Hrútafirði.

– thelma@bb.is

Vinir og vandamenn besta hjálpin

„Það hefur aldrei hvarflað að mér að flytjast í burtu,“ segir Margrét Kristjánsdóttir, borinn og barnfæddur Önfirðingur. Snjóflóðið sem féll á Flateyri 26. október árið 1995 hreif Margréti með sér og hún lá grafin í því í hátt í níu tíma áður en hún fannst. Margrét er enn búsett á Flateyri og starfar í dag á skrifstofu TH á Ísafirði. Hún segir hér sögu sína og deilir því hvernig henni hefur tekist að vinna úr reynslunni með aðstoð vina og vandamanna.

„Ég átti heima í Hjarðardal ytri, inni í sveit í Önundarfirði, þar til ég var sextán ára. Þá fluttum við á Flateyri. Ég gekk í barnaskóla í Holti, þar sem ég var reyndar í heimavist þó að tæki nú ekki nema fimm mínútur að keyra á milli Hjarðardals og Holts. Skólaakstur var bara ekki til í orðabókinni þá,“ segir Margrét hlæjandi. Hún er dóttir hjónanna Kristjáns Jóhannessonar og Guðrúnar Jónsdóttur, sem búa enn á Flateyri. „Eftir barnaskóla fór ég svo á Núp, þar sem ég var líka í heimavist, og svo var ég í Fjölbraut í Garðabæ í þrjá vetur. Þá leigði ég í bænum. Þannig að ég hef sem sagt aldrei verið í skóla og búið heima,“ segir hún og kímir.

Margrét er fædd 1968 og var því tuttugu og sjö ára gömul þegar flóðið mikla féll yfir Flateyri. Hún var þá snúin aftur til Flateyrar að námi loknu og hafði unnið í frystihúsinu hjá Fiskvinnslunni Kambi í nokkur ár.

Gisti hjá vinkonu

„Þegar flóðið féll var búið að vera vont veður í tvo, þrjá daga. Á miðvikudeginum 25. október var brjálað veður. Ég var að vinna í frystihúsinu og þegar við komum í kaffið sem byrjaði klukkan þrjú var okkur sagt að fara heim. Almannavarnarnefnd hafði hreinlega varað fólk við því að vera á ferli, það var von á svo vondu veðri. Vinkona mín, Helga Jónína Guðmundsdóttir, var að vinna með mér í Kambi, og hún var ein heima. Foreldrar hennar, sem hún bjó hjá á þessum tíma, voru í Reykjavík og hún var hálfhrædd við að vera ein í húsinu í þessu vonda veðri. Svo ég bauðst til að gista hjá henni,“ segir Margrét. Sjálf bjó hún þá hjá foreldrum sínum á Drafnargötu á Flateyri, en Helga Jónína var búsett að Tjarnargötu 7.

„Við fórum bara heim og vorum að spila og dunda okkur um kvöldið. Við vorum að hlusta á útvarpsfréttirnar, man ég, og þar var sagt frá því að það hefði fallið snjóflóð á Funa í Skutulsfirði. Þá spurði ég Helgu, „Það er engin snjóflóðahætta hér, er það?“ Hún neitar því, það var engin hætta. Svo fórum við bara að sofa. Hún svaf í herbergi foreldra sinna og ég í hennar herbergi. Svo man ég eftir því um nóttina að við vöknuðum við að hundarnir þeirra tveir vildu fara út. Ég man ekki hvað klukkan var, en hún hefur væntanlega verið um tvö eða þrjú. Ég held að það hafi ekki verið vaninn að þeir hafi vakið fólk til þess að komast út um miðja nótt, svo ég hef velt því fyrir mér hvort þeir hafi kannski fundið eitthvað á sér,“ segir Margrét hugsi.

Helga Jónína fór þá til þess að hleypa hundunum út til að létta á sér, en komst þá að því að það hafði fennt fyrir útidyrahurðina. „Yfir daginn hafði veðrið svo sem ekki verið neitt mikið verra en oft áður, en það hafði greinilega snjóað mikið um kvöldið og nóttina,” útskýrir Margrét**.** Þær stöllur lögðust aftur til svefns og Margrét vissi svo ekki af sér fyrr en hún rankaði við sér og var þá grafin í snjó.

Þeyttist í gegnum allt húsið

„Ég man ekki eftir því þegar þetta gerðist. Ég hef líklega bara rotast, við höggið eða hreinlega fengið eitthvað í höfuðið,“ segir Margrét. Flóðið fór verst með herbergið sem hún svaf í og ruddi henni á undan sér í gegnum allt húsið. „Ég fór með flóðinu úr herbergi í einum enda hússins og fram í stofu, sem var hinum megin. Helga Jóna var í herbergi við hliðina á mér. Þangað kom reyndar smá flóð og veggurinn brotnaði, en hún komst þaðan út. Hennar herbergi fylltist ekki. Hinum megin við mig var annað herbergi sem skemmdist ekki mikið og eldhúsið var svo til alveg í lagi. Svo flóðið virðist bara einhvern veginn hafa fallið beint á mig,” segir Margrét.

Þegar hún rankaði við sér lá hún á hliðinni í skafli. Hún segist ekki hafa fundið fyrir kulda. “Ég skalf aldrei í skaflinum, ég skalf reyndar ekkert fyrr en það var farið að hita mig upp aftur. Mér var sagt að maður hætti að skjálfa úr kulda þegar líkaminn er kominn niður fyrir þrjátíu og fimm gráður, að mig minnir. Svo ég hlýt að hafa verið rotuð svolítið lengi, af því að mér varð aldrei kalt og ég fann aldrei neitt til,” segir Margrét.

Fyrstu viðbrögð hennar snérust heldur ekki um hræðslu eða vantrú. “Ég hugsaði bara með mér, „Jæja, nú hef ég lent í snjóflóði. Þá er bara að bíða eftir því að björgunarsveitin komi og finni mig.“ Ég lá á vinstri hliðinni og fann að það var parket undir mér. Ég gat aðeins hreyft hægri hendina og ákvað að reyna að ýta snjónum ofan af mér, aðallega vegna þess að það hefði verið svo fáránlegt að reyna það ekki, ef þetta hefði nú bara verið svona smá föl ofan á mér. Það hefði verið svo kjánalegt að liggja og bíða eftir því að mér væri bjargað ef ég hefði svo bara getað labbað út sjálf,“ segir Margrét og hlær við.

Henni gekk hins vegar ekkert að moka frá sér, enda kom síðar í ljós að hún lá undir um tveggja metra snjófargi. „Mér var sagt eftir á að það var eiginlega fyrir bestu að ég gat svona lítið hreyft mig því það var svo mikið af glerbrotum í kringum mig. Gluggginn fyrir ofan mig brotnaði nefnilega. Ég gat hreyft hægri hendina aðeins og hún var líka öll skorin. Ég er öll í örum á henni, en það var líka svo til það eina sem ég slasaðist. Ég varð reyndar slæm í öxlinni og mjöðminni, sem er eðlilegt, ég lá náttúrulega í skafli í um átta tíma. Ég yrði eflaust slæm af því að liggja hreyfingarlaus á hliðinni á gólfinu heima hjá mér í átta tíma líka,” segir Margrét og hlær við.

Hugurinn við hið hversdagslega

Eftir að hafa reynt að moka frá sér sofnaði Margrét fljótlega aftur. „Næst þegar ég vakna fór ég að hugsa um hilluna hennar Helgu. Í herberginu hennar var hvít hilla með alls kyns bláum skálum og vösum og slíku. Svo þá hugsaði ég, „Ooo, nú er allt bláa dótið hennar Helgu ónýtt.“ Svo sofna ég aftur. Þegar ég vaknaði eftir það hugsaði ég um laugardagskvöldið. Það var nefnilega von á tveimur nýjum bátum í Kamb og það átti að vera ball á laugardeginum til að halda upp á það. Svo ég hugsaði, „Ooo, nú kemst ég ekki á ball á laugardaginn,“ segir Margrét og skellir upp úr. „Mér skilst að ég sé ekki eina manneskjan sem hafi hugsað um það þennan dag. Fólk fer að hugsa um eitthvað svona, eitthvað hversdagslegt sem skiptir ekki beint mestu máli þegar svona atburðir verða. Hugurinn festir sig á það,“ segir hún.

Margrét segir það ekki heldur hafa hvarflað að henni að hún væri í lífshættu. „Mamma spurði mig daginn eftir hvort ég hefði ekkert hugsað um fólkið sem var í húsunum fyrir ofan mig, eða um fjölskylduna. „Baðstu ekki bænirnar þínar?“ spurði hún. Ég gerði ekkert af þessu. Og ég hugsaði aldrei, ekki í eitt skipti, að nú væri ég að deyja. Það hvarflaði ekki að mér. Ég hugsaði bara að nú þyrfti ég að bíða,“ segir Margrét. Hún svaf mest allan tímann sem hún lá í skaflinum en segist þó einu sinni hafa vaknað og farið að ofanda. „Það var eina paníkið sem ég fékk og það var ekki af því að ég væri að hugsa eitthvað svakalegt. Ég held að það hafi frekar verið líkamleg viðbrögð,“ segir hún.

Margrét hafði enga hugmynd um hvað tímanum leið, en rankaði við sér þegar hún heyrði eitthvað þrusk fyrir ofan sig. „Ætli það hafi ekki verið leitarhundur. Ég vissi að hljóð heyrist betur ofan í snjóinn en upp úr honum, svo ég öskraði þá eins hátt og ég mögulega gat. Ég get ekki einu sinni leikið það eftir í dag. Mér skilst að þeir sem voru að leita hafi heyrt eitthvað til mín og áttað sig á að það væri einhver þarna. Þá var farið að grafa,“ segir Margrét.

Hún segist hafa upplifað tímann sem leið frá því að þeir mokuðu frá andlitinu á henni og þar til hún var laus úr flóðinu sem einungis nokkrar mínútur. Hann var þó nær hálftíma. „Mér fannst það mjög stuttur tími, frá því að ég sá einhvern og þangað til ég var komin upp og á börur. Svo kom læknir og skoðaði mig þarna

á staðnum, áður en ég var flutt niður í mötuneyti í Kambi," segir Margrét frá.

Hélt ég væri ein

Á þessum tíma segist Margrét ekki hafa gert sér neina grein fyrir því hversu umfangsmikið flóðið var og hversu miklar hamfarir höfðu átt sér stað. Hugur hennar var enn við hið hversdagslega, og sem dæmi nefnir hún að það fyrsta sem hún spurði björgunarmenn sína um var hvað tímanum liði. „Mig hefur eflaust langað að vita hvað ég var lengi, en ég hafði ekki hugmynd um hvenær flóðið varð, svo ég veit ekki hvernig það hefði átt að hjálpa mér að vita hvað klukkan var! Það fyrsta sem ég sagði við lækninn var „Mig langar svo í ískalt vatn!" Hann sagði að ég þyrfti nú eflaust að bíða eitthvað eftir því," segir Margrét og hlær að minningunni.

Hún var sett á börur og borin inn í jeppa sem átti að flytja hana í mötuneytið í Kambi, þar sem fólk safnaðist saman og hlúð var að þeim sem fundust. „Börurnar voru lagðar þversum í aftursætið og ég lá þarna og starði upp í loftið. Svo spyr ég, „Hvaða bíll er þetta?" Þá kynnir bílstjórinn sig og segir, „Blessuð, Magga, þetta er Kristján Erlingsson." Mín viðbrögð voru að benda honum á að hann væri bílprófslaus!"

Þegar í Kamb var komið var Margrét borin inn og lögð á dýnu ofan á tveimur borðum sem höfðu verið dregin saman. „Ég lá þar þangað til ég var flutt á sjúkrahúsið, það voru náttúrulega engin rúm eða neitt slíkt. Það dreif þarna að fólk til að hita mig upp og þá fór mér smám saman að verða kalt og skjálfa," segir Margrét, sem veit ekki hver líkamshiti hennar var þegar henni var bjargað úr snjónum. „Ég var aldrei mæld, það var ekkert verið að eyða tíma í það. Ég hefði samt gjarnan viljað vita það, hvað ég var köld."

Áfall fyrir alla

Það var á meðan Margrét lá og hvíldist í mötuneyti Kambs sem hún segist hafa upplifað erfiðasta augnablik dagsins. „Þá var komið með mann inn sem talið var að væri á lífi. Hann var settur á borð við hliðina á mér og endurlífgunartilraunir hófust. Ég heyrði allt sem gerðist á meðan það var verið að reyna að endurlífga hann. Það tókst hins vegar ekki. Hann var látinn. Og það var hræðilegt. Það var svo mikil sorg, maður upplifði það hjá öllu fólkinu þarna. Þetta varð svo áþreifanlegt fyrir alla," segir Margrét.

Hún segist hafa fengið upplýsingar um umfang slyssins á meðan hún hvíldist í Kambi, en samt ekki hafa gert sér raunverulega grein fyrir því fyrr en á sjúkrahúsið á Ísafirði var komið. „Helga Jónína var þarna niðri í mötuneyti að vinna fyrir Rauða krossinn, held ég, að skrá þá sem komu, þá sem fundust og þá sem voru týndir. Hún sagði mér hver staðan væri, en ég held samt að ég hafi ekki áttað mig á því, ekki skilið það alveg," segir Margrét.

Þegar leið á daginn var hún flutt á sjúkrahúsið á Ísafirði til aðhlynningar. „Þar var ég skoðuð og send í röntgen. Þegar ég var svo komin inn á stofu heimtaði ég að fá sjónvarp til að geta horft á fréttirnar. Hjúkrunarkonan var nú ekki alveg á því að leyfa mér, ég held hún hafi ekki treysti mér til þess. En ég heimtaði það, svo ég fékk sjónvarpið. Hjúkrunarkonan kom líka með taubleiu handa mér til að gráta í. Ég man að ég var gleraugnalaus, því þau týndust náttúrulega í flóðinu, svo ég var með sjónvarpið alveg upp við andlitið til að sjá eitthvað.," segir Margrét.

„Yfir daginn var alltaf eitthvað fólk að koma niður í Kamb, fólk sem hafði lent í flóðinu og bjargast, eða sloppið úr húsunum. Það var alltaf einhver að koma og kyssa mig og knúsa, líka fólk sem hafði misst ættingja og vini. Ég fattaði það ekki. Ég fattaði ekkert hvað hafði gerst fyrr en yfir fréttunum. Þegar nöfnin komu upp sjónvarpsskjáinn brotnaði ég saman í fyrsta og eiginlega eina skiptið. Þetta var bara eins og í Nóa albinóa, það er eins og það atriði hafi verið byggt á minni sögu!" segir Margrét, sem segir það enda hafa verið mjög undarlega lífsreynslu að horfa á þá kvikmynd.

Gott að koma heim

Margrét dvaldist á sjúkrahúsinu á Ísafirði frá fimmtudegi til laugardags en snéri þá aftur heim. Hún segir það hafa verið mjög gott að komast heim aftur. „Ég var í mat hjá bróður mínum um kvöldið og svo gekk ég á röðina, heim til vina minna. Það var mjög gott. Á sunnudeginum var svo fundur niðri í Kambi og það var alveg ótrúleg upplifun. Samkenndin var svo mikil," segir Margrét. „Venjulega tók það mig um fimm mínútur að ganga heim á Drafnargötu úr Kambi. Þennan dag held ég að það hafi tekið mig svona hálftíma, af því að það þurftu bara allir að faðma mann. Allir sem mættust á götu voru í faðmlögum, sama hverjir það voru. Ef einhver hefði sagt mér þetta viku fyrr, að Flateyringar myndu bregðast svona við ef eitthvað kæmi fyrir, hefði ég aldrei trúað því. Samhugurinn var alveg ólýsanlegur," segir Margrét.

Hún segir Flateyringa sömuleiðis hafa fundið fyrir miklum stuðningi og samhug frá landsmönnum öllum. „Ég held að það hafi líka haft góð áhrif. Söfnunin Samhugur í verki, auðvitað, og líka gangan niður Laugaveginn í Reykjavík nokkrum dögum eftir flóðið," segir Margrét og á þar við blysförina til minningar fórnarlamba snjóflóðsins, sem um 30 þúsund manns tóku þátt á. „Maður trúði ekki eigin augum að horfa á þetta í sjónvarpinu. Það var algjörlega ótrúlegt," segir hún.

Dreymdi fyrir atburðinum

Nokkrum dögum eftir flóðið hélt Margrét til Reykjavíkur til að vera viðstödd jarðarfarir þeirra sem fórust í flóðinu, en þeir voru flestir jarðsettir fyrir sunnan. Á meðan hún dvaldist þar rifjaðist upp fyrir henni draumur sem hún túlkar í dag sem fyrirboða fyrir slysinu.

„Einhvern tíma eftir Súðavíkurflóðið dreymdi mig að ég væri heima hjá mér á Drafnargötunni. Ég fór út, gekk Drafnargötuna og Öldugötuna og sá að það voru fánar í hálfa stöng úti um allt, við hvert hús. Sums staðar voru margar fánastangir, fyrir utan kirkjuna, til dæmis, og sums staðar voru þær brotnar. Utan við eitt hús voru alveg sérstaklega margir fánar í hálfa stöng. Sá sem bjó þar missti svo tvö barnabörn sín í flóðinu. Ég sagði frá þessum draumi daginn eftir að mig dreymdi hann, en svo var ég búin að gleyma honum. Það var mágkona mín sem minnti mig á hann aftur. Hún var hér á Flateyri á meðan jarðarfarirnar fóru fram fyrir sunnan. Hún fór út að ganga með dóttur sína í barnavagni og leit í kringum sig og sá alls staðar fána í hálfa stöng. Þá mundi hún eftir draumnum," segir Margrét. „Ég ræð hann sem fyrirboða. Þetta var svona draumur sem ég mundi mjög skýrt þegar ég vaknaði. Hann var svo raunverulegur. Og óhugnanlegur," bætir hún við.

Vildi aldrei fara

Í kjölfar flóðsins fluttust margir frá Flateyri, en Margrét segir það aldrei hafa hvarflað að sér. „Mér datt það ekki í hug. Ég ætlaði bara að fara að vinna fljótlega aftur. Eftir áramótin reyndi ég að fara aftur í frystihúsið, en ég gat það ekki. Öxlin á mér og mjaðmirnar voru ekki í góðu ásigkomulagi og kuldinn hafði slæm áhrif á það, svo ég var frá vinnu alveg fram í mars. Þá byrjaði ég að vinna í leikskólanum og ég hef ekkert unnið í frystihúsi aftur," segir Margrét.

Hún segir sína stöðu þó eflaust hafa verið frábrugðna aðstæðum margra annarra. „Ég missti engan nákominn mér, fjölskyldu eða náinn vin. Ég var heppin. Ég hugsa að það séu flestir farnir af þeim sem misstu ættingja, sumir fóru strax og aðrir síðar. En það þekktust auðvitað allir. Ég þekkti alla sem fórust," segir Margrét.

Hún telur að það hafi hjálpað Flateyringum töluvert að veturinn sem fór í hönd varð mjög snjólítill. „Hér var fyrst hættusvæði niður að Ránargötu og ég held að það hafi enginn búið fyrir ofan Ránargötu fyrstu tvær næturnar eftir flóðið. Þegar ég kom heim af sjúkrahúsinu var hins vegar farið að hleypa fólki heim, enda var þá farið að rigna og leysa og hættan liðin hjá. Svo var eiginlega bara autt allan veturinn. Sem var mjög gott og alveg það sem maður þurfti. Ef þetta hefði orðið snjóþungur vetur hugsa ég að það hefðu ekki margir verið eftir," bætir hún við.

Hún segir það sömuleiðis hafa verið létti fyrir Flateyringa þegar grunnar húsanna sem eyðilögðust í flóðinu voru fjarlægðir að vori. „Þeir stóðu allan veturinn, og ég held að það hafi allir verið fegnir þegar þeir voru teknir, að þurfa ekki að hafa þá fyrir augunum á hverjum degi," segir Margrét, sem hrósar sömuleiðis hreinsunarstarfinu sem átti sér stað eftir flóðið. „Það var komið með gám fyrir hvert hús og allt dót úr því húsi sett í hann. Til marks um hversu vel þetta starf var unnið fannst til dæmis linsuboxið mitt, lítið og glært. Þegar ég fannst var ég í bol, sem var klipptur utan af mér. Á honum stóð: Good girls go to heaven – bad girls go everywhere," segir Margrét og kímir. „Þennan bol fundu húseigendur svo í gámnum sínum, alblóðugan og sundurklipptan. Þetta sýnir hvað það var passað vel upp á allt sem fannst."

Meðvituð um hættuna

Margrét segir Flateyringa alltaf hafa verið meðvitaða um snjóflóðahættu, enda var skilgreint hættusvæði í þorpinu oft rýmt. Í janúar 1995, þegar flóðið féll á Súðavík, höfðu íbúar á umræddu hættusvæði til dæmis þurft að vera frá heimilum sínum í marga daga. Hið skilgreinda hættusvæði náði hins vegar bara til Ólafstúns, við fjallsræturnar og eins húss við Goðatún. Flóðið sem féll í október 1995 fór langt út yfir það sem áður hafði verið talið mögulegt.

„Ég man að nokkrum árum áður en flóðið féll var önnur vinkona mín ein heima og bað mig að gista í vondu veðri. Þá var togarinn í landi og hann lýsti svona upp í hlíðina til að sjá hvort það væru einhverjar líkur á snjóflóði. Þessi vinkona mín hringdi í bróður sinn og spurði hvort það væri ekki örugglega í lagi að vera heima. Hann sagði að það væri allt í lagi, svo fremi sem við svæfum ekki fjallsmegin í húsinu. Þetta hús fór svo gjörsamlega í klessu í flóðinu 1995," segir Margrét.

Hún hefur einu sinni upplifað snjóflóðahættu eftir að stóra flóðið féll. „Þá var ég gestkomandi í húsi sem var á hættusvæðinu og átti að rýma. Þá upplifði ég þessa paník. Við vorum í saumaklúbb þarna, með fullt af snakki og grænmeti og einhverjum ídýfum og við stóðum upp, allar sem ein, gengum frá öllu, settum rusli út í tunnu, lokuðum hurðum og gluggum og fórum. Mér leið ekkert rosalega vel á meðan á því stóð," segir Margrét, sem segir Flateyringum í dag vera rótt og að þeir treysti varnargörðunum sem reistir voru í kjölfar flóðsins. „Í dag held ég að það verði enginn stressaður þó það komi vont veður. Eftir að garðarnir voru reistir kom flóð, ekki jafn stórt og '95 en þó töluvert mikið. Garðarnir stóðust það alveg og með þeirri reynslu varð fólk held ég rólegra," segir Margrét.

„Ég var heppin"

Margrét segir að hún líti á sjálfa sig sem þá heppnu, hvað varðar atburðarásina þennan októberdag fyrir fimmtán árum síðan. „Ég hef oft hugsað þetta og sagt; ég hefði alls ekki viljað skipta. Ég hefði ekki viljað vera í hópi þeirra sem sluppu við flóðið en þurftu að takast á við það sem gerðist. Ég lá bara þarna og svaf og bullaði og tíminn leið. Svo var ég grafin upp og fór á sjúkrahúsið. En að eiga að grafa upp ættingja sína og vini, þegar það eru bara rústir allt í kring... Það held ég að sé erfitt, mun erfiðara en það sem ég lenti í," segir Margrét, sem hefur sömuleiðis samúð með þeim sem biðu fregna af vinum og ættingjum á meðan á leitinni stóð.

„Ég held að það hafi verið alveg hræðilega erfitt að vera einhvers staðar annars staðar og geta ekkert gert, bæði fyrir Flateyringa sem voru fjarstaddir og eins fólk sem átti hér ættingja eða vini. Þá var þó örugglega skárra að vera á staðnum og geta gert eitthvað, farið að moka eða tekið á móti fólki, bara að hafa eitthvað hlutverk," bætir hún við.

Hún hefði hins vegar ekki getað séð fyrir að hún yrði svo róleg sem raun bar vitni, á meðan hún lá grafin í fönn.

„Eftir flóðið í Súðavík hugsaði ég að ég myndi aldrei geta þetta, ef ég lenti í flóði, ég myndi bara brjálast úr innilokunarkennd. Það gerðist ekki. Núna hugsa ég hins vegar að ég hefði ekki getað gert neitt gagn ef ég hefði ekki lent í flóðinu, að ég hefði örugglega

bara bugast. En það er ekki hægt að sjá fyrir hvernig maður bregst við í svona aðstæðum. Ekki fyrr en maður er staddur í þeim,“ segir hún.

Vinir og vandamenn besta áfallahjálpin

Margrét segist alltaf hafa talað mikið um þessa lífsreynslu við vini sína og vandamenn og að það hafi reynst henni besta áfallahjálpin.

„Þegar ég lá á sjúkrahúsinu á Ísafirði kom til mín kona, geðlæknir eða sálfræðingur, sem átti að veita mér áfallahjálp. Hún var eflaust ágætis kona, en mér fannst ég bara ekki hafa neitt að segja við hana. Svo kom ég heim og þá fannst mér besta áfallahjálpin vera að tala við vini mína og fjölskyldu. Fyrstu mánuðina eftir flóðið hittumst við oft, vinirnir, og töluðum um þetta aftur og aftur og aftur. Okkur fannst það alltaf jafn merkilegt sem hinir sögðu, þó það væru alltaf sömu hlutirnir,“ segir Margrét og brosir. „Það kemur meira að segja enn fyrir að við dettum í að tala um þessa reynslu.“

Hún segist stundum mæta skilningsleysi frá fólki þegar hún talar um sína reynslu og þá helst því sem ekki þekki vel til á Flateyri. „Ein sagði við mig að ég hlyti að vera í rosalega mikilli vörn, að geta hlegið að ýmsum atriðum í kringum þetta. Það fer dálítið í taugarnar á mér, að fólk trúi því ekki að ég sé búin að vinna mig úr þessu og jafna mig,“ segir Margrét. „Það er stundum eins og fólk haldi að þetta sé mjög viðkvæmt, eins og það þori ekki að tala um þetta. Þegar við vinirnir förum svo að ræða þessa reynslu og hlæja, til dæmis að bílprófsummælunum mínum, stífnar fólk upp. En það getur líka verið að ég taki svona á þessu af því að ég missti engan nákominn mér. Þá væri kannski erfiðara að tala um þetta.“

Í dag líða oft margar vikur án þess að Margréti verði hugsað til snjóflóðsins. „En það er samt alveg merkilegt að í hvert skipti sem ég heyri um eitthvað hræðilegt slys eða slíkt í fréttunum þá er þetta það fyrsta sem ég hugsa um. Hugurinn hvarflar líka oftar að snjóflóðinu á þessu árstíma. Svo veit ég ekki heldur hvort það er algjör tilviljun að ég keypti mér húsnæði alveg neðst á eyrinni, það gæti líka verið eitthvað sálrænt,“ bætir hún við og brosir.

Margrét hefur hins vegar gert reynsluna upp í dag og segir samræður sína við vini og vandamenn hafa bjargað sér. „Ég held það. Í dag er ekkert sem mér líður illa yfir eða finnst ég ekki geta sagt. Það er ekkert sem ég byrgi inni. Þetta var besta hjálpin sem ég gat fengið,“ segir Margrét að lokum.

– Sunna Dís Másdóttir.

Birnustaðir i Laugardal í Ísafjarðardjúpi. Ljósm: © Mats Wibe Lund.

Dómur héraðsdóms staðfestur

Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Vestfjarða um að fella úr gildi úrskurð úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem kvað á um niðurfellingu á byggingarleyfi fyrir vélaskemmu á Birnustöðum í Laugadal í Ísafjarðardjúpi. Hæstiréttur taldi að ekki bæri að skýra undantekningarákvæði í skipulags- og byggingarlögum með þeim hætti að meðmæli Skipulagsstofnunar vegna byggingarinnar þyrfti að liggja fyrir áður en framkvæmdir væru hafnar og því væri ekki hægt að fallast á þann skilning úrskurðarnefndarinnar að Súðavíkurhreppur hafi verið að sækja um leyfi til Skipulagsstofnunar fyrir þegar byggðu mannvirki.

Í dómi Hæstaréttar segir m.a. „Sú niðurstaða héraðsdóms verður ekki vefengd að mjög hafi dregist að endanleg niðurstaða fengist um heimild til að reisa vélaskemmu að Birnustöðum vegna mistaka réttargæslustefnda við meðferð umsókna stefnda um byggingarleyfi. Þegar málið var til umfjöllunar hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hið síðara sinn hafði stefnda tekist, að mestu í skjóli þegar veittra byggingarleyfa, að reisa umrætt mannvirki,“ Hæstiréttur ákvað hins vegar að málskostnaður skyldi falla niður bæði í héraði og Hæstarétti.

Forsaga málsins er sú að eigendur nærliggjandi sumarhúss kærðu útgáfu byggingarleyfisins og felldi úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála byggingarleyfið úr gildi í júní í fyrra á þeim forsendum að formgalli hafi verið á afgreiðslu byggingarleyfisins þar sem ekki hafi verið leitað eftir samþykki Skipulagsstofnunar öðru sinni á staðsetningu vélageymslunnar. Eigendur Birnustaða fóru með málið fyrir dóm en niðurstaða úrskurðarnefndar hefði haft í för með sér fjárhagslegt tjón og sóun verðmæta fyrir þá að þeirra mati.

Í dómi Hæstaréttar koma fram athugasemdir við að framkvæmd skyldi án byggingarleyfis og segir Hæstiréttur um það m.a. „Af gögnum málsins er ljóst að framkvæmdir voru hafnar við grunn vélageymslunnar um vorið 2007 nokkru áður en byggingarleyfi var gefið út í annað sinn 11. júní 2007. Sú framkvæmd var óheimil og breytti engu þótt hún hafi verið með atbeina réttargæslustefnda. Að þessu virtu og atvikum málsins að öðru leyti er rétt að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti,“

– thelma@bb.is

Arnarflöt í Súðavík

Tilboðsverð fyrir tvær íbúðir

Til sölu er þessi fallega húseign á flottum stað í Súðavík. Í húsinu eru tvær samþykktar íbúðir, 95m² og 80m². Fallegt útsýni. Laus strax. Tilboðsverð ca. 13 millj. fyrir alla eignina.

Upplýsingar í síma 895 2049.

Sundstræti 36 Ísaf.

Síðasta íbúðin í húsinu til sölu

Til sölu er ca. 120m² íbúð á 2. hæð með stæði í bílgeymslu í þessu fallega fjölbýli. Íbúðin er ný og selst fullbúin en án gólfefna. Lyfta. Áhvílandi ca. 16,8 millj. lán við Íbúðalánasjóð. Verð aðeins kr. 18,8 milljónir. Til afhendingar strax.

Upplýsingar í síma 895 2049.

Jöfnun orkuverðs grundvallaratriði í jöfnun búsetuskilyrða

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps segir jöfnun orkuverðs og dreifingarkostnaðar raforku er eitt af grundvallaratriðum í jöfnun búsetuskilyrða í landinu. Í ályktun sem sveitarstjórn hefur sent frá sér er bent á að stjórnvöld hafa haft það að markmiði í raforkulögunum. Þrátt fyrir það komi fram í samanburðaryfirliti sem gert var af Orkustofnun fyrir Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum í byrjun október að raforkukostnaður er orðinn 122% dýrari á svæði Orkubús Vestfjarða heldur en kostnaður við sambærilega notkun á svæði Orkuveitu Reykjavíkur.

„Slíkur munur er algjörlega óviðunandi fyrir íbúa og heimili á köldum svæðum og er skorað á iðnaðarráðherra að leita allra leiða til að leiðrétta það óréttlæti og stuðla að því að komið verði á jöfnuði, sem sé í samræmi við markmið raforkulaganna,“ segir í ályktuninni.

Sveitarstjórn sendi ályktunina frá sér í kjölfar fyrirtöku á bréfi Víði Benediktssyni hjá Framfarafélagi norðanverðra Vestfjarða vegna mikils mismunar á kostnaði við húshitun. Í bréfinu er bent á þann mikla mismun sem orðin er á kostnaði við húshitun milli landsvæða.

– thelma@bb.is

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför yndislegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Álfheiðar Guðjónsdóttur

Hlíf II, Torfnesi, Ísafirði

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki þjónustudeildar Hlífar og öldrunarlækningadeildar Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði fyrir einstaka umönnun og hlýju

Lára Guðbjörg Oddsdóttir — Sigmar Ingason
Kristín Oddsdóttir Bonde — Peter Bruhn Bonde
Guðný Lilja Oddsdóttir — Árni Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Tún slegin í október

Tíðin hefur verið óvenju góð í haust og ekki á hverju ári sem sjá má vestfirska bændur slá tún sín í októbermánuði, en Björn Birkisson, bóndi í Botni í Súgandafirði, stóð í heyskap nú fyrir stuttu. „Þetta er vissulega óvanlegt enda sérstakar aðstæður. Venjulega vill maður forðast að slá tún svona seint því það er meiri hætta að túnin verði fyrir skemmdum af vélunum þegar liðið er á haustið. Hér var um að ræða tún sem var komið í óhirðu svo við slógum það og hreinsuðum fyrir næsta sumar og slógum þannig tvær flugur í einu höggi,“ segir Björn.

Hann segir að heyskapur hafi verið góður í sumar „Fyrri sláttur var mjög rýr vegna þurrka en á móti kom að seinni sláttur var óvenju góður. Reyndar hefðum við viljað ná meiru inn í hús, þetta stendur frekar tæpt hjá okkur en ætti hafast,“ segir Björn og bætir við að þrátt fyrir góða tíð hafi þeir ekki ráðist í þriðja sláttinn. „Veðrið og sprettan í lok september og byrjun október var reyndar svo góð og það hefði verið hægt að slá, en það er nóg að gera hjá bændum á þessum tíma hvað varðar smölun og fleira þannig það gafst hreinlega ekki tími til þess,“ segir Björn.

– kte@bb.is

Norð Vestur

Stakkur skrifar

Í síðustu viku var frumsýnd heimildarkvikmyndin Norð Vestur – björgunarsaga frá Flateyri um snjóðflóðið mikla á Flateyri 26. október 1995. Um þessar mundir eru 15 ár frá því Flateyringar urðu illa fyrir barðinu á hamförum náttúrunnar. Aðeins níu mánuðum og tíu dögum fyrr féll snjóflóð á byggð í Súðavík. Hvort tveggja voru þetta mannskæð snjóflóð. Þau höfðu mikil áhrif á íbúa beggja þorpanna og reyndar alla íbúa Vestfjarða og Íslendinga alla. Einar Þór Gunnlaugsson frá Hvilft í Önundarfirði tókst á hendur það mikla vandaverk að fjalla um snjóflóðið og áhrif þess á Flateyri og íbúana. Kvikmyndin var frumsýnd í Reykjavík föstudaginn 22. október, en hafði verið forsýnd á níubíói í Félagsheimilinu á Flateyri hinn 18. október síðastliðinn, mánudaginn í sömu viku.

Kvikmyndin rifjar upp atburði, sem nú þegar er tekið að fyrnast yfir. Þeir mega ekki falla í gleymsku. Það er stórkostlegt vandaverk að fjalla um þennan atburð svo djúpt sem hann snerti alla þá er hlut áttu að máli. Um það hljóta allir þeir sem sáu myndina á Flateyri og þeir sem voru á frumsýningu í Reykjavík, í Bíó Paradís, að vera sammála. Rætt var við 45 manns, sem lýstu aðkomu sinni og upplifun, skelfilegu veðri, því að vakna á kafi í snjó á heimilum sínum og síðast en ekki síst björgun og því að upplifa að ættingjar, vinir og nágrannar höfðu ekki lifað snjóflóðið af. Viðtölin við fólk er beið þess að verða bjargað voru afar eftirminnileg og vöktu skiljanlega tilfinningar með áhorfendum, sem margir þekktu aðstæður og atburði af eigin raun.

Afar eftirtektarvert er hve tölvugrafík myndarinnar er vel unnin. Gildi myndarinnar sem heimildar eykst við að fá að sjá hvernig snjóflóðið rann á 70 sekúndum, einni mínútu og tíu sekúndum, efst úr fjallinu, niður Skollahvilft og lagðist svo yfir byggðina, eyðilagði hús og um leið líf fólks, svipti suma lífi og hafði óafmáanleg áhrif á þá sem lifðu. Kvikmynd sem er svo áhrifamikil verður ekki lýst í stuttu máli. Allir vita, að þótt hún sé afar vel gerð mun hún aldrei, frekar en aðrar heimildarmyndir, ná því að lýsa öllu sem gerðist. En hún kemst nokkuð nærri því og er ómetanleg öllum sem hafa áhuga á sögu Íslands, náttúruhamförum og hvernig best er að bregðast við þeim og síðast en ekki síst, búa sig undir það að hamfarir verði og gera fyrir fram ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar atburða, fyrst og fremst manntjón. Hvert mannslíf er Íslandi dýrmætt. Við erum það fá.

Norð Vestur er vel heppnuð og Einari Þór Gunnlaugssyni tekst að fara nærförnum höndum um efnið. Myndin verður aldrei væmin. Hún nær tökum á áhorfandanum og rifjar upp um leið og hún snertir streng í brjósti hans. Einar Þór og samstarfsmenn, til hamingju!

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til leigu er 2ja herb. íbúð að Grundargötu 6, Ísafirði með eða án húsgagna. Upplýsingar í síma 865 9637.

Til sölu er frystiklefi og frystipressa. Stærð 3x3 metrar. Uppl. í síma 862 6200.

Til leigu er 98m² íbúð á 9. hæð í lyftuhúsi í Kórahverfi í Kópavogi. Gisting fyrir fjóra. Uppl. á eir@centrum.is.

Til sölu eru General Grabber AT2 265/75 R16 nagladekk. Dekkin eru hálfslitin en nokkuð góð. Uppl. í s. 894 4032.

Breytingar á rekstri

Matreiðslumeistararnir Halldór Karl Valsson og og Eiríkur Gísli Johansson hætta rekstri veitingastaðarins Við Pollinn á Hótel Ísafirði um næstu mánaðamót. Halldór og Eiríkur hafa rekið veitingastaðinn frá haustinu 2007, en nú munu hótelstjórarnir Áslaug S. Alfreðsdóttir og Ólafur Örn Ólafsson taka við rekstrinum. Að sögn Ólafs verður starfsemin áfram með sama sniði.

Krefjandi verkefni

Kvikmyndagerðarmaðurinn Einar Þór Gunnlaugsson sendir nú frá sér heimildarmyndina Norð Vestur, um snjóflóðið á Flateyri í október 1995 og sögu þess björgunarafreks sem þar var unnið. Myndin var frumsýnd á Flateyri mánudaginn 19. október og tekin til sýninga í Bíó Paradís í Reykjavík um síðustu helgi. Hún verður sömuleiðis tekin til sýninga í Ísafjarðarbíói. Einar á rætur sínar að rekja á bæinn Hvilft í Önundarfirði og þar sleit hann barnsskónum. „Ef það var of mikill snjór til að hjóla labbaði ég í skólann á Flateyri,“ segir hann kíminn. Norð Vestur er önnur heimildarmynd Einars, en hann hefur einnig gert þrjár leiknar myndir. Heiðin er nýlegust þeirra, en hún kom út árið 2008 og fjallar um sveitastrákinn Albert sem snýr aftur á heimaslóðir úr námi. Áður en hann snéri sér að kvikmyndagerð hafði Einar hins vegar komið víða við og var meðal annars viðloðandi sjóinn í rúman áratug. „Ég var búinn að prófa öll veiðarfæri nema hvalveiðar,“ segir hann. Á síðustu árum hefur hann þó einbeitt sér að kvikmyndagerð.

Einar Þór við forsýningu myndarinnar á Flateyri.

Gjörólíkir miðlar

Einar hefur bæði unnið að heimildamyndum og leikstýrt leiknum kvikmyndum. Auk Heiðarinnar, sem hlaut góða dóma, hefur Einar sent frá sér myndina Þriðja nafnið og átti einnig hlut í samstarfsmyndinni Villiljósi, þar sem fimm leikstjórar leikstýrðu jafn mörgum hlutum myndarinnar, sem gerð var eftir handriti Huldars Breiðfjörð. Einar segir þessar tvær gerðir kvikmynda mjög frábrugðnar hvor annarri. „Það eru mjög ólík vinnuferli á bak við þessi tvö form. Í leiknum myndum er allt meira undir listrænni stjórn en í heimildamynd verður maður að leyfa efnistökum að þróast. Í báðum tilfellum þarf maður samt að hafa bæði listræna og faglega stjórn á efniviðnum og verkefninu. En það fer algjörlega eftir efninu hvaða leið maður velur að fara, og eins hvað er raunhæft í framleiðslu,“ útskýrir Einar. Fyrri heimildamynd hans ber nafnið Leitarhundar, en hún var sýnd í Sjónvarpinu árið 1997. Eins og nafnið gefur til kynna fjallar myndin um leitarhunda, og þann mikilvæga þátt sem þeir áttu í björgunarstarfinu sem unnið var í kjölfar snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri. Einar segist þó ekki hafa verið farinn að áforma gerð myndar um snjóflóðið á Flateyri á þeirri stundu. „Ég var ekki beinlínis farinn að huga að Norð Vestur, en ég hugsaði mér hins vegar að halda myndunum sem ég tók vegna Leitarhunda vel til haga, ef svo skyldi fara að ég ræðist í gerð einhverrar myndar,“ segir Einar. Framleiðsla myndarinnar hófst árið 2007, en hún hafði þá verið í undirbúningsferli í tvö ár. Einar einbeitir sér að björgunarsögunni og segist hafa haft það sem markmið sitt að skrásetja atburðinn. „Ég ætlaði mér aldrei að fjalla um persónulegu hliðina. Ég vildi hins vegar reyna að gefa þessum harmleik einhverja merkingu – eða tilgang, í formi forvarna. Það var fyrsta hugmyndin, en svo þróast hlutirnir eðlilega í ferlinu,“ útskýrir Einar.

Lá beint við að fjalla um Flateyri

Einar segir það hafa legið nokkuð beint við að gera mynd um hinn hörmulega atburð á Flateyri. „Ákvörðunin um gerð þessarar myndar kom mikið til af sjálfu sér. Ég starfa nú einu sinni við þetta fag og æskuslóðir mínar eru í Önundarfirðinum. Þá lá því beint við að þessir atburðir kæmu til álita sem efni í mynd, þó ég hafi ekki verið búinn að taka afgerandi ákvörðun um það,“ segir Einar, sem segir það væntanlega hafa ráðið úrslitum hversu mikinn áhuga fólk sýndi á verkefninu. „Það var nægur áhugi á þáttöku. Ég vissi að þetta myndi ég aldrei geta gert einn,“ segir hann.

Í myndinni koma fram yfir fjörutíu viðmælendur sem tengdust atburðarásinni í kringum snjóflóðið á Flateyri. Einar ræðir við heimamenn, sem lýsa lífsreynslu sinni þessa dimmu nótt - suma sem fóru út að moka, aðra sem hlúðu að þeim sem fundust og fólk sem lenti í flóðinu sjálfu. Þá koma fram björgunarsveitarmenn og þeir sem komu að flutningum þeirra til Flateyrar, frú Vigdís Finnbogadóttir lýsir sinni reynslu af atburðinum og fulltrúar fjölmiðla á staðnum lýsa aðkomunni, svo dæmi séu tekin.

Fékk góðar viðtökur

Einar kveðst almennt hafa fengið afar góðar viðtökur hjá þeim sem hann leitaði til vegna myndarinnar. „Einn brottfluttur Flateyringur baðst undan því að veita viðtal og svo voru nokkrir sem vildu ekki taka þátt sem viðmælendur, en voru mjög hjálplegir við heimildaöflun. Þeir útveguðu okkur gögn og leiddu okkur áfram,“ segir hann. Þá kunni hann sömuleiðis vel að meta að fá afnot af tökustöðum, svo sem gömlu kennslustofunni í Holti. „Svo vannst þetta líka þannig að við hættum kannski við einhvern viðmælanda, bara af því að það var svo mikið komið fram um þá atburði sem hann lýsti, til dæmis hvað gerðist á heilsugæslustöðinni, hvað gekk á við bryggjuna í Holti og slíkt,“ útskýrir Einar. Sem uppalinn Önfirðingur þekkti hann stóran hluta þess fólks sem hann leitaði til, en Einar segir að honum hafi sömuleiðis verið tekið mjög vel af þeim sem hann þekkti ekkert eða lítið. „Dagsparturinn sem við áttum með Vigdísi Finnbogadóttur uppi á lofti í Iðnó var til dæmis mjög eftirminnilegur. Hún var á einhverjum tímapunkti að sýna förðunarstelpunum hárgræju sem hún átti og notaði til ferðalaga,“ segir Einar og kímir. „En það var allt í lagi, við vorum ekkert að flýta okkur, enda á maður aldrei að gera það nema maður sé að missa af flugi. Að öllu gríni slepptu þá gaf allt þetta fólk sér tíma til að taka þátt í myndinni og leggja sitt af mörkum til að segja þessa sögu, og ég er eðlilega mjög þakklátur fyrir það,“ segir hann.

Dagurinn ljóslifandi í minningunni

Einar segist hafa upplifað það í vinnu sinni við myndina að hamfarirnar sem urðu á Flateyri þessa októbernótt hafi snert marga. „Ég var í hópi þeirra hundruða Íslendinga sem þekktu marga eða flesta sem fórust, eða höfðu unnið með þeim til sjós og lands. Við gerð myndarinnar fann ég að þetta

hafði hins vegar líka snert menn sem þekktu ekkert til vestra, en lentu í hringiðu þessara atburða, sama hvort það voru fjölmiðlamenn, stjórnmálamenn eða björgunarsveitarfólk. Þetta hafði mikil áhrif á alla,“ segir Einar.

Sjálfur var Einar búsettur í Mosfellsbæ þegar flóðið féll og var vakinn af svefni með þessum tíðindum. „Ég hafði verið á leið vestur í slátur og kindastúss á föstudeginum, en ég steingleymdi því eftir að fréttir af flóðinu bárust. Svo hringdi einhver í mig frá Rauða krossinum seinna um daginn og tilkynnti mér að ég „mætti“ fara vestur á Flateyri,“ segir Einar frá. Hann hélt þá vestur með flugi á föstudagsmorgni og lenti á Holtsvelli. „Þar áttaði ég mig á því að það var ekkert öllum hleypt inn á svæðið. Við vegamótin í Breiðadal var vegatálmi og á Holtsvellinum var skilinn eftir hópur blaðamanna. Við fjögur sem vorum á ferð, ég, faðir minn, Lilja, sem kölluð var Lilja Skó og Sigríður Sigursteinsdóttir, báðar frá Flateyri, fengum að halda áfram. Þá var enn verið að leita. Þessi dagur er ljóslifandi í minningu minni,“ segir Einar, sem segir það þó nokkuð undarlega upplifun að ræða sínar minningar í dag.

„Ég er búinn að spyrja svo marga að mér finnst ég ekki vera réttu megin við borðið þegar ég er spurður um mína reynslu! Kannski þarf ég að fara í pásu,“ segir hann hugsi.



Flókin úrvinnsla

Norðvestur byggist þó ekki eingöngu á viðtölum, því Einar blandar þar inn í tölvugerðum skýringarmyndum af snjóflóðinu og umhverfinu og nýtir sér að auki fréttaflutning íslenskra miðla af stórslysinu. Hann segir úrvinnsluna enda hafa verið nokkuð flókna.

„Þetta var mjög tæknilega krefjandi vinna, sérstaklega af því að í myndinni er svo mikið af ólíkum formum – allt frá þrívíddarmyndum til blaðaúrklippa. En við vorum svo heppnir að vera með Jóhannes Jónsson á Ísafirði og Halldór Bragason, brottfluttan Flateyring, með okkur í þessu. Þeir eru báðir með snilldaratóm í sér þegar kemur að þessum hlutum – ef það væri keppt í þolinmæði á Ólympíuleikunum myndi ég senda þá,“ segir Einar og hlær við. „Þeir eiga mikinn þátt í því að þetta gekk allt heim og saman.“ Þrívíddarmyndirnar af Flateyri voru að mestu leyti unnar þar sumarið 2009 og það af mikilli natni.

„Það var allt gert, frá því að staðsetja ljósastaura og fara út og taka tímann á því hvað græna ljósið við smábátahöfnina blikkar oft á mínútu, svo þetta yrði sem raunverulegast,“ útskýrir Einar.

Forvarnarlegt gildi

Einar kveðst hafa valið að einbeita sér að björgunarsögunni í vinnu sinni við myndina og vonast til þess að hún geti haft forvarnarlegt gildi. „Ég held að björgunarafrekið sé sá hluti atburðanna 1995 sem eigi mest erindi til fólks í dag og gefi myndinni því mest gildi. Það væri rangt að fjalla mikið um tilfinningaleg mál, vegna þess að þau eru langt frá því að vera einföld. Til að sjá þessa atburði í skýru ljósi þurfum við að ýta þeim frá okkur um stundarsakir og átta okkur á aðstæðum – karakter byggðanna, menningu, sögu og allt sem gerir þetta að byggðu bóli. Ég lít á þessa mynd sem skrásetningu atburða. Ég reyni ekki að túlka atburði, upplifun eða sjónarmið annarra,“ útskýrir Einar.

Hann vonar sömuleiðis að myndin geti lagt sitt af mörkum til forvarna. „Ég vona að við berum gæfu til þess að fara í gegnum erfiða umræðu í framtíðinni þegar við þurfum þess. Margir tókust á við slíkar umræður á sviði byggðaþróunar og í sambandi við gamalt hættumat og rýmingarúrræði á snjóflóðahættusvæðum í kjölfar þessara flóða. Atburðirnir árið 1995 ristu svo djúpt. Í íslensku samfélagi í dag, eftir hrun banka og margra þátta efnhagslífsins, þarf aftur að fara í gegnum erfiðar umræður og ég er ekkert viss um að það gangi allt of vel,“ segir Einar.

Hann segir að lokum að fátt hafi komið sér á óvart við vinnslu myndarinnar. „Ég var með opinn huga gagnvart hinu óvænta í þessu verkefni. En ég hafði heyrt mjög margar sögur frá þessum degi. Og eftir á að hyggja kemur kannski fátt á óvart, vegna þess að aðstæður eins og þær sem sköpuðust á þessum sólarhring eftir flóðið eru svo ótrúlegur. Allt fölnar þar við hlið,“ segir Einar.

Eftir lokasprettinn við gerð myndarinnar og kynningu hennar hyggst hann nú hafa hægt um sig um hríð. „ Ég mun væntanlega taka mér smá frí, eyða tíma með barnungri dóttur minni, rifja upp nokkra góða rétti sem ég er löngu hættur að elda og annað í þeim dúr,“ segir Einar kíminn. Nánari upplýsingar um myndina má nálgast á heimasíðunni *www.passportpictures.com*, eða á Facebook-síðu Norð Vestur.

– Sunna Dís Másdóttir.

Útbreiðsla fugla á Vestfjörðum vöktuð

Unnið er að því að bæta þekkingu á fuglum á Vestfjörðum. Þetta hefur verið gert með skipulögðum athugunum á mismunandi árstímum. Helst má nefna sumartalningar og talningar á mismunandi búsvæðum. Einnig hefur verið unnið að vöktun hafarnarins og rjúpnatalningum. Þá er verið að vinna að gagnagrunni um útbreiðslu fugla sem mun síðar nýtast fyrir allt landið. Þetta kemur fram í árskýrslu samtaka Náttúrustofa sem nýlega kom út.

Þar segir einnig frá bjargfuglavöktun á Vestfjörðum. Farið var á Langakamb sem er rétt austan við Hælavíkurbjarg. Þar var lagt talningar- og ljósmyndasnið fyrir bjargfuglavöktun. Verkefnið er liður í að vakta bjargfugla á Íslandi.

– thelma@bb.is

Lundinn er á meðal þeirra fugla sem eru vaktaðir.

Notkun hljóðmerkja við fiskveiðar könnuð í Álftafirði

Gerð hefur verið rannsókn á því hvort hægt sé að nota hljóðmerki við fiskveiðar. Dr. Björn Björnsson á Hafrannsóknastofnun, sérfræðingur í eldi sjávardýra, greindi á föstudag frá tilraunum sínum og niðurstöðum um að nota atferli fiska til að þróa nýjar og umhverfisvænni veiðiaðferðir. Hefðbundnar þorskveiðar hafa ákveðna galla, m.a. togveiðar sem krefjast mikillar orku og línuveiðar sem veiða talsvert af undirmálsfiski, að því er segir í tilkynningu. Uppi hafa verið hugmyndir um að nota þekkingu á atferli fiska til að þróa nýjar og umhverfisvænni veiðiaðferðir. Hljóð getur borist langar leiðir í sjó og margar fisktegundir hafa góða heyrn og geta skynjað úr hvaða átt hljóðið kemur. Hins vegar koma fiskarnir ekki þegar hljóðmerkið er gefið nema að þeir telji sig hafa af því einhvern ávinning, t.d. að fá eftirsótt fóður. Markmið rannsóknanna var að kanna hve langan tíma tæki að kenna reynslulitlum þorskum, svokölluðum nemendum, á hljóðmerkið og hvort hægt sé að nota reynslumikla þorska, svokallaða kennara, til að flýta fyrir náminu. Tilraunirnar fóru fram í sjókví sem komið var fyrir um 100 m frá landi innan við Langeyri nærri Súðavík. Í kvínni var komið fyrir tveimur fóðurpöllum á 4 m dýpi sitt hvorum megin í kvínni. Úr landi voru lögð rör til að geta skolað fóðri á fóðurpallana. Ofan við hvorn fóðurpall var hljóðgjafi og neðansjávarmyndavél til að fylgjast með atferli fiskanna í stjórnstöð í landi. Í tilraunirnar voru notaðir 1-5 kg þorskar sem veiddir voru og hafðir í sjókvíum í um hálft ár fyrir tilraunirnar. Fóðrað var 6 sinnum á dag með síldarbitum og samtímis gefið hljóðmerki við þann pall í 6 mínútur. Um leið og fiskarnir voru settir í kvína mynduðu þeir eina torfu sem hélt saman og einn leiðtogi fór fyrir torfunni, synti hraðast og át mest af fóðrinu. Á nokkurra daga fresti urðu friðsamleg leiðtogaskipti.

– thelma@bb.is

Tilraunirnar fóru fram í sjókví sem komið var fyrir um 100 m frá landi innan við Langeyri.

Dræmari kosningaþátttaka

Vestfirskum kjósendum á kjörskrá fækkaði um 186 í sveitarstjórnarkosningunum 2010 miðað við kosningarnar 2006. Samtals voru 5.121 kjósendur á kjörskrá í ár í samanburði við 5.307 árið 2006. Þátttaka í kosningunum var umtalsvert minni í síðustu kosningum miðað við kosningarnar 2006.

Kosningaþátttaka var 86,2% árið 2006 en var 79,7% í vor. Mest þátttaka var í Árneshreppi eða 88,4% en þar greiddu 38 atkvæði af þeim 43 sem voru á kjörskrá. Minnst þátttaka var í Reykhólahreppi þar sem 208 á voru á kjörskrá en 134 greiddu atkvæði eða 64,4% kjósenda.

Kosningaþátttakan var þó meiri á Vestfjörðum en á landsvísu, en þátttakan var ein sú dræmasta í sveitarstjórnarkosningum til þessa eða 73,%. Kjósendur á kjörskrá Ísafjarðarbæjar voru 2.739 og voru greidd atkvæði samtals 2.209 eða sem nemur 80,6% þátttöku. Kjósendum í Ísafjarðarbæ fækkaði um 120 milli kosninga. Kjósendum fækkaði á öllum Vestfjörðum nema í Strandabyggð og Reykhólahreppi.

„Óþolandi að ein þjóð búi við mismunandi orkuverð“

Víðir Benediktsson, vélvirki í Bolungarvík, segir mikið misrétti felast í þeim mikla mun sem sé á húshitun milli landshluta. Hann greiðir í þessum mánuði rúmlega 20 þúsund krónur fyrir rafmagn og hita, þar af 14 þúsund fyrir hita af einbýlishúsi sínu í Bolungarvík. Víðir segir að munur milli svæða sé enn meiri hjá fyrirtækjum því ríkið niðurgreiði ekki húshitun vegna atvinnuhúsnæðis. Hann segir að verð á orku frá Orkuveitu Reykjavíkur hafi lækkað ár frá ári þar sem verðið hafi ekki hækkað í takt við verðbólgu. Orkubú Vestfjarða hafi hins vegar hækkað verð einu sinni til tvisvar á ári. „Það er óþolandi að ein þjóð skuli þurfa að búa við svona mismunandi orkuverð,“ segir Víðir í samtali við Morgunblaðið.

Svipaða tón er að finna í bréfi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum til fjárlaganefndar Alþingis á dögunum. Þar segir að í samantekt samtakanna á heildarorkuverði miðað við 200 m² hús á svæðum nokkurra orkufyrirtækja muni um allt að 222%.

„Það er ekkert réttlæti sé í því að ákveðinn hluti landsmanna búi við svo hátt orkuverð. Því er mjög mikilvægt að niðurgreiðslum til húshitunar á landsbyggðinni verði haldið áfram og þær auknar frá því sem nú er, til þess að jafna aðstöðu íbúa landsins.“ segir í bréfinu.

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum hafa á undanförnum árum barist fyrir ýmsum málum er varða hagsmuni íbúa þeirra svæða í orkumálum. Má þar nefna niðurgreiðslur til húshitunar, jarðhitaleit, niðurgreiðslur til nýrra hitaveitna og athuganir á nýjum hitunarkostum. „Margt hefur áunnist á undanförnum árum en sumt hefur því miður ekki gengið eins vel. Má í því sambandi nefna þróun a rafmagnsverði til húshitunar. Frá 1. janúar 2009 til 1. ágúst 2010 hefur raforkuvera til húshitunar á sölusvæði RARIK hækka um tugi prósentna. Um 36.600 einstaklingar búa við það að nota raforku til húshitunar og er inn i þeirri tölu. Þeir sem búa við fjarvarmaveitur. Um 13.000 húseignir eru á bak við þá nota rafmagn til húshitunar,“ segir í bréfinu.

– thelma@bb.is

Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða á Ísafirði.

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Benedikt Bjarnason
f.v. kaupmaður og útgerðarmaður í Bolungarvík

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 20. október. Útförin fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík, laugardaginn 30. október kl. 14:00.

Hildur Einarsdóttir

Einar Benediktsson — María Guðmundsdóttir
Halldóra Benediktsdóttir — Sören Pedersen
Bjarni Benediktsson
Ómar Benediktsson — Guðrún Þorvaldsdóttir

afabörn og langafabörn.

Mikið fjör á villibráðarkvöldi

Villibráðinni var gerð góð skil í árlegri villibráðarveislu á veitingastaðnum Við Pollinn á Ísafirði á laugardag. Á boðstólum var hefðbundin villibráð og bróðurpartur hennar fékkst á Vestfjörðum. Má þar nefna gæs, svartfugl, önd, lax, sel og hreindýr svo eitthvað sé nefnt. Villibráðakvöld Við Pollinn eru sérstök að því leiti að listamennirnir í eldhúsinu sjá ekki einungis um að töfra fram ómótstæðilega rétti úr villibráðinni heldur hafa þeir einnig aflað stóran hluta hráefnisins með veiðum sínum. Að auki er hráefnið fengið frá hinum og þessum veiðimönnum úr samfélaginu.

Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, var veislustjóri og skaut hressilega á nokkra veislugesti með ýmis konar skopi. Var ekki annað að sjá en að gestir skemmtu sér kostulega og mikið fjör var í salnum. Villibráðakvöldin eru fyrir löngu orðin árlegur viðburður á Ísafirði en er þetta verður í fjórða sinn sem Við Pollinn ræðst í verkið þar sem SKG-veitingar stóðu fyrir þeim til ársins 2007 þegar fyrirtækið Strákarnir tók við rekstri veitingastaðarins undir nýjum formerkjum. Að þessu sinni var brugðið frá þeirri venju að bjóða upp á hlaðborð og voru allir réttirnir bornir fram fyrir gesti.

– thelma@bb.is

Soffíu súpa og sælkeraskúffa

Sælkerinn

Þrjár uppskriftir eru í boði hjá sælkera þessarar viku en Sigrún segir að þær séu í uppáhaldi hjá henni þessa dagana. Fyrst er það bragðgóð súpa sem hentar afar vel nú þegar veður fer kólnandi. Súpan er kennd við Soffíu. Síðan er það dýrindis kaka með karamellu, pekanhnetum og súkkulaði. Að lokum býður Sigrún upp á hressandi engiferdrykk.

Soffíu súpa

Fyrir 3
1 laukur
3 rif hvítlaukur
1 tsk. karrý
2 msk olía

Þetta er mjúksteikt í smá stund

4 gulrætur soðnar í vatni
1 stk grænmetisteningur
Smá timian+annað krydd eftir smekk og rifin engiferrót
1 dós hakkaðir tómatar
1 dós kókosmjólk
Allt sett í pott og hitað smá stund

Sælkeraskúffa

8-9 msk. smjör
250 g Síríus suðusúkkulaði (konsum)
3 egg
3 dl sykur
1 ½ dl hveiti
1 tsk. salt
1 tsk. vanilludropar
1 dl púðursykur
2 msk rjómi
1 ½ dl pekanhnetur

Bræðið 100 g súkkulaði og 4-5 msk af smjöri yfir vatnsbaði. Þeytið eggin í þétta froðu, bætið sykrinum út í og hrærið vel.

Bætið hveitinu og saltinu út í, síðan bræddu súkkulaðinu og vanilludropum.

Hellið í ferkantað form (u.þ.b. 25 sm í þvermál) eða litla skúffu og bakið við 175°C í 15 mín.

Hitið 4 msk af smjöri og púðursykri að suðu og sjóðið áfram í 1 mín. og hrærið stöðugt í á meðan. Takið karamelluna af hellunni og kælið lítið eitt áður en rjómanum er blandað saman við.

Stráið pekanhnetum, gróft söxuðum, yfir hálfbakaðan botninn, hellið karamellunni yfir og bakið í 15 mínútur í viðbót.

Stráið brytjuðu súkkulaði yfir heita kökuna. Kælið kökuna og skerið hana í litla bita.

Sælkeri vikunnar er Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir á Flateyri.

Engiferdrykkur

100 g rifin engiferrót
Safi úr 1-2 sítrónu (fer pínu eftir stærð, annars nota ég alltaf bara tvær, betra
Safi úr 1-2 appelsínu
1 dl hrásykur
Slatti mynta (ca ein lúka/hálfur bakki ef þú kaupir í bakka)

Soðið í 1,3 lítra af vatni í klst. Sigtað að því loknu. Sett aftur í pott og 2 lítrum af vatni bætt í og suðan látin koma upp. Kælt og drukkið ískalt.

Ég skora á Kristínu Pétursdóttur á Flateyri sem sælkera næstu viku.

Tónlistarparið Þorsteinn Haukur Þorsteinsson og Lilja Kjartansdóttir.

Slökun fyrir allan sólarhringinn

Tónlistarparið Þorsteinn Haukur Þorsteinsson og Lilja Kjartansdóttir gáfu út tvo hljómdiska í síðustu. Um slökunardiska er að ræða sem skötuhjúin hafa unnið að síðastliðið eitt og hálft ár. Diskarnir eru gefnir út saman í setti og heita Stundin mín og Góða nótt. Á þeim fer Lilja með texta og Þorsteinn Haukur flytur tónlist undir. „Þetta er leidd slökun. Stundin mín er hugsaður til að ná slökun að degi til, t.d. eftir vinnu en Góða nótt til þess að sofna út frá disknum værum blundi. Diskarnir eru alfarið unnir á Vestfjörðum. Þorsteinn Haukur segist hvergi hafa komið að tómum kofanum þar sem hann leitaði eftir aðstoð við gerð diskanna. „Ég er afar þakklátur fyrir hvað fólk er tilbúið að hjálpa til hér fyrir vestan. Það er til ótrúlega mikið af góðu fólki.“

Diskarnir eru teknir upp í Stúdíó Bak Látur í Súðavík og tónlistarmaðurinn Mugison hljóðblandaði þá. Tónlistin er samin af Þorsteini Hauki og textarnir eru eftir hann og Lilju. „Ég ætlaði fyrst að gefa þá út í sitt hvoru lagi en fyrir átta mánuðum ákvað ég að gefa þá út saman,“ segir Þorsteinn Haukur.

Eru þetta annar og þriðji hljómdiskurinn sem Lilja og Þorsteinn Haukur gefa út en árið 2007 kom út sálma- og lofgjarðardiski sem þau gáfu út í samstarfi við Gospelkór Vestfjarða. Þau hafa þó bæði verið viðriðin tónlist mest allt líf sitt og meðal annars komið fram saman við ýmis tilefni.

Diskarnir eru til sölu í Bókahorninu á Ísafirði og á veraldarvefnum. Á Facebook eru diskarnir kynntir á síðu sem ber heitið Skundi litli. Þar getur fólk getur hlýtt á hljóðdæmi auk þess sem hægt er panta þá þar. „Settið kostar 1.500 krónur hjá okkur og við sendum hvert á land sem er og borgum burðargjaldið. Þannig ef einhverjir vilja senda vinum eða ættingjum þá getum við gert það fyrir þá,“ segir Þorsteinn Haukur. Einnig er hægt að panta diskana á netfanginu skundilitli@simnet.is.

– thelma@bb.is

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá fleiri sparnaðartilboð á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **28. - 31. október**

979 kr/kg

Nautahakk
úr kjötborði eða pakkað ferskt

Kalkúnn
1.199 kr/kg

Kalkúnn með madeirasósu
...sjá uppskrift á samkaupurval.is

2.099 kr/kg

Nautainnralæri
úr kjötborði eða pakkað ferskt

699 kr/pk

Pítubuff og brauð 6 stk
frá Goða

Jarðarber á 50% afslætti í 200g öskjum

hlaðin trefjum, C vítamíni og andoxunarefnum
"Jarðarberjasmoothie með banana, melónu og myntu"...sjá uppskrift

468 kr/kg

Kindabjúgu
frá Kjötseli

199 kr/stk

Ávaxtasafi: Appelsínu, epla- og mildur morgunsafi, 1 lítri

Coop – gæði og gott verð!

596 kr/pk

Emmess toppar 4 stk
með daimkúlum eða hnetum

299 kr/pk "Bran Flakes" 500g

269 kr/pk "Honey Bees" 500g

morgunkornið frá Coop

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.